

Getum lært af þeim

Bls. 4

Hver ber ábyrgð?

Bls. 9

Dregið úr öryggi

Bls. 14

Nýtt tækifæri

Bls. 26

Börn og stéttarfélög

Bls. 44

Reyklaust

Bls. 48



Útgefandi:	Efling-stéttarfélag Sæturni 1
Ábyrgðarmaður	Sigurður Bessason
Ritstjóri	Þráinn Hallgrímsson
Blaðamaður	Róbert Ágústsson
Ritstjórn	Guðmundur Þ. Jónsson Sigurður Bessason Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Starfsmenn á skrifstofu	Elva Tryggvadóttir Fjóla Jónsdóttir Garðar Vilhjálmsson Guðmundur Þ. Jónsson Guðrún Kr. Óladóttir Hildur Kjartansdóttir Hjálmarfríður Þórðardóttir Hjördis Baldursdóttir Hjördis Þorsteinsdóttir Hulda Hafsteinsdóttir Ingunn Þorsteinsdóttir Kristjana Valgeirsdóttir Margrét Davíðsdóttir Sigurður Bessason Sigurlaug Gröndal Sveinn Ingvason Tryggvi Marteinsson Viktória Jensdóttir Þórdís Andrédóttir Þórir Guðjónsson Þórunn Sveinbjörnsdóttir Þráinn Hallgrímsson
Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta	Björk Stefánsdóttir Elin Baldursdóttir Hallsteinn Friðbjósson
Starfsafl	Marianna Traustadóttir
Útlit og umbrot	Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa
Prentun og bókband	Oddi hf.
Auglýsingar	Hænis hf
Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu	Róbert Ágústsson
Aðsetur	Efling-stéttarfélag Sæturni 1 sími 510 7500/fax 510 7501
Úthlutunarnefnd	Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtu- dag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikn- ing viðkomandi. Sími úthlutunarnefndar er 510 7510 myndsendir: 510 7511

Launakjör ofurforstjóranna

Á undanförunum vikum hafa launakjör forstjóra nokkurra stórfyrirtækja komist í sviðsljós fjölmiðlanna. Fram hefur komið að laun þeirra eru á bilinu 1.5 milljónir allt upp í 6 milljónir á mánuði. Árstekjur þessarar manna eru því frá 20 og yfir 70 milljónir króna.

Í síðustu kjarasamningum á almennum vinnumarkaði var tekist á um sérstaka hækkun lægstu launa sem nú eru 93.000 kr. á mánuði. Grunnlaun nema því um einni milljón króna á ári. Launamaður með þessi laun þarf að vinna í 70 ár til að ná árstekjum Kaupþingsforstjórans.

Það eru margar alvarlegar þversagnir í þessu máli og áleitnar spurningar sem vakna við þessi tíðindi. Ofurforstjórnarnir hafa fólk í vinnu. Hjá mörgum þeirra byggjast laun forstjóranna á dugnaði og framtaki undir-
mannanna. Í þessum fyrirtækjum er nú launabilið þannig að forstjórinn getur verið með tuttuguföld laun starfsmanna sinna.

Rétt er að minna á að þegar stéttarfélögin fara fram með sanngjarnar kröfur um hækkun lágmarkslauna, þá eru það oft sömu ofurforstjórnar sem ákveða launastefnu samninganefnda atvinnuekenda. Er ekki eitthvað bogið við þetta?

Í reynd eru þessi launakjör glórulaus. Það er ekki hægt með nokkrum hætti að réttlæta þau. Þau byggjast ekki á vinnuframlagi. Þau bjóða forstjórunum upp á freistingar að fara út á jaðarinn í viðskiptum og taka gríðarlega áhættu í fyrirtækjum sínum þar sem atvinnu og öryggi hópa starfsmanna er lagt á lóðarskálur skyndigróðans.

Engin leið er að réttlæta þessi kjör með vísan til ofurlauna forstjóra í milljónabjórðfélögum, enda eru slík laun á undanhaldi hvarvetna í vestrænum þjóðfélögum. Þau eru móðgun við hina almennu launamenn í fyrirtækjunum sem oft eiga mikla hlutdeild í velgengni fyrirtækjanna.

Þegar illa gengur í fyrirtækjunum er það fáheyrt að forstjórnarnir gera tilögur um lækkun eigin launa. Mun algengara er að þeir varpi boltanum yfir á starfsmennina og geri tillögur um launalækkanir yfir lúnuna.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeirri breytingu á samfélaginu sem hér er að verða. Þeir forystumenn í stjórnámum og fyrirtækjum sem verja ofurlaunin eru á miklum villigötum. Því miður er staðan sú í mörgum fyrirtækjum að starfsmenn þora ekki lengur að segja skoðun sína á launakjörum forstjóranna.

Gegn þessu nýja hugarfari þarf allt samfélagið að sameinast. Við eigum ekki að láta það viðgangast að nýtt hugarfar gríðarlegs launamunar nái fótfestu hér á landi. Við hvetjum stjórnir fyrirtækja til að hlusta á sjónarmið almennings um að slík ofurkjör eru algjörlega úr takti við samfélagið.

EFNISYFIRLIT

Getum lært af þeim	4	Nýtt tækifæri	26
Viðbrögð ekki í samræmi	8	Skemmtilegir fundir	30
Ábyrgð á einkareknum leikskólum	9	Dvergasteinn	33
Nýir sviðstjórnar	10	Ómetanlegur stuðningur	34
Líflegir fundir	12	Frumkvæði skiptir mestu	36
Lofsvert framtak	13	Brottvísun frá USA	40
Dregið úr öryggi	14	Vinnumiðlun	42
Mikilvægi upplýsinga	16	Börn stofna ekki stéttarfélög	44
Störfir fjölbreyttari	18	Reyklaust	48
Taka miklum framförum	21	Lífeyrissjóðirnir	48
Íþróttakennari	25	Krossgátan	54



Noregsfarnir í höfuðstöðvum Jötun í Noregi, frá vinstri Sigurður Viðarsson, Birgir Guðmundsson og Stefán Viðar Egilsson

Félagsmenn í Málningu til Jötuns í Noregi

Getum lært af þeim og þeir af okkur

- segja þeir Stefán Viðar, Sigurður og Birgir

Í byrjun febrúar síðastliðinn fóru þrír félagsmenn Eflingar í fyrstu mannaskiptaferðina á vegum Leonardo-verkefnisins sem Efling sótti um í lok síðasta árs. Þessir félagsmenn starfa hjá Málningu í Kópavogi og heita Stefán Viðar Egilsson, rannsóknarmaður, Sigurður Viðarsson, verkstjóri og Birgir Guðmundsson, móttökustjóri á hráefnalager. Þeir tóku vel í það að segja ferðasögu sína í blaðinu, þegar eftir því var leitað.

Upphafið að ferðinni var þannig, sagði Stefán Viðar, að ég var að skoða Fréttablað Eflingar þegar ég rakst á auglýsingu um þessar kynnisferðir. Mér fannst þetta forvitnilegt og ákvað að leita eftir frekari upplýsingum hjá félaginu. Í beinu framhaldi af því hafði ég samband við mína yfirmenn og þeir tóku mér mjög vel. Það var ákveðið að hafa samband við samstarfsaðila okkar hjá Jötun í Noregi og athuga hvort að þeir væru tilbúnir til að taka á móti starfsmönnum frá okkur í svona ferð. Svar barst um hæl, þar sem þessari málaleitan var vel tekið og þá var okkur ekkert að vanbúnaði að sækja um þátttöku. Seinna kom í ljós að við

vorum með fyrstu hópunum sem sóttu um þennan styrk og fengum jákvætt svar, greip Birgir fram í.

Það var svo að morgni 1. febrúar síðastliðinn að við félagarnir lögðum af stað til Osló. Á flugvöllinum í Osló tókum við bílaleigubíl og fórum með farangurinn á hótél þar sem við gistum fyrstu nóttina. Daginn eftir keyrðum við til Sandefjord. Það var sunnudagur og enginn að vinna, þannig að við komum okkur aftur fyrir á hóteli og héldum svo í skoðunarferð um bæinn. Veðrið var mjög gott þetta síðdegi, annars var yfirleitt snjócoma eða rigning, greip Birgir aftur inn í.

Morguninn eftir fórum við eldsnemma á fætur og að loknum morgunverði héldum við til aðalstöðva Jötuns. Þar heita Gimle og þar tók maður að nafni Hans á móti okkur. Byrjað var á að sýna okkur sögusafn sem fyrirtækið hefur komið sér upp í húsakynnum sínum. Síðan skoðuðum við skóla sem er ætlaður starfsmönnum fyrirtækisins víða að úr heiminum þar sem vörur fyrirtækisins eru framleiddar. Þá var komið að stóru stundinni sem við höfðum verið að bíða eftir. Við vorum leiddir inn í fyrstu málningarverksmiðjuna. Hún er nýleg

Þeir gætu alveg hugsað sér að það yrði tekinn upp sami vinnutími og er í norsku verksmiðjunum.





Það fengust ýmsar skýringar hjá starfsmönnum Jötun í Noregi

og þar var svo til eingöngu framleidd vatns-málning. Það var hreint ótrúlegt að sjá alla þá tækni sem stjórnaði þessari verksmiðju og hvað mannshöndin kemur orðið lítið við sögu í framleiðsluferlinu.

Seinna sama dag heimsóttum við líka rann-sóknarstofu og vöruhús og sáum margt mjög áhugavert á báðum stöðum.

Næstu daga skoðuðum við fleiri málningar-verksmiðjur sem voru líkari því sem við eigum að venjast hér heima. Á fimmtudeginum fórum við aftur í höfuðstöðvarnar og skoðuðum birgðastöð sem er grafin inn í fjall. Þar eru öll hráefni geymd meðal annars í nokkrum 400 þúsund lítra tönkum. Okkur var sagt að upphaflega hafi þetta rými verið hugsað sem byrgi ef stríð skylli á. En vegna bruna árið 1976, þegar verksmiðjan hjá þeim brann og 6 manns létu lífið, hafi verið ákveðið að flytja birgðastöðina í fjallið. Þarna inni var líka neyðarstöð og sjúkrastofur til að taka á móti slösuðu fólki. Eftir hádegi fórum við að skoða síðustu verksmiðjuna. Að því loknu fengum við að ganga um á eigin vegum og fylgjast með störfum ein-

stakra starfsmanna og ræða við þá um ýmislegt sem fyrir augu bar. Þeir vildu líka fá að vita ýmislegt um okkar störf og reyndum við að leysa úr spurningum þeirra eftir bestu getu.

Fátt á óvart

Hvað kom ykkur mest á óvart í ferðinni og hvaða lærdóm getið þið dregið af henni?

Nú væri fínt að hafa dagbókina sem við vorum skyldaðir til að skrá um ferðina, sagði Birgir, og hélt svo áfram. Það er kannski ekki rétt að segja að það sem við sáum og heyrðum í ferðinni hafi komið okkur mikið á óvart, nema þá birgðastöðin í fjallinu. Flest annað höfum við heyrt talað um. En fljótt á lítið þá var stórkostlegt að sjá verksmiðjuna, þar sem framleiðslunni var nánast alfarið stýrt úr einu tölvuherbergi. Efninu var ýmist blásið eða dælt í blönduna sem var í undirbúningi og átöppunin var sjálfvirk, þannig að varan kom tilbúin á bretti á lagerinn. Þar tóku róbatar við og komu þeim upp í rekka í svarta myrkri. Róbatar sáu líka um að sækja vörur í rekkana. Þarna gætum við örugglega lært eitthvað en það mundi kosta mikla peninga að nýta þann lærdóm. Varðandi afgreiðslutímamann á pöntun-um, þá fer hann eftir ákveðnum reglum og getur farið alveg upp í tvær vikur og framleiðslan raskast lítið. Hjá okkur getur afgreiðslutíminn á 500 lítrum af málningu verið innan við klukkustund og valdið truflunum á framleiðslunni. Þannig að við getum eflaust lært talsvert af þeirra skipulagi í afgreiðslumálum. Það sem við gætum hinsvegar kennt Norðmönnum varðar öryggismálin. Þau virtust vera í slæmum farvegi í verksmiðjunum sem við skoðuðum. Starfsmenn notuðu hvorki hjálma eða eyrnarhlífar á vinnusvæðum og fleiri öryggis-þættir reyndust vera í ólestri. Þannig geta þeir lært af okkur og við af þeim.

Að lokum, kom það fram hjá þeim félögum, að þeir gætu alveg hugsað sér að það yrði tekinn upp sami vinnutími og er í norsku verksmiðjunum. Allavega yfir sumarið. En þar hefst vinna klukkan sex á morgnana og lýkur klukkan 14.00 og fólk hefur það sem eftir er dagsins til eigin þarfa. Þá sögðust þeir líka vilja þakka öllum sem gerðu þeim kleift að fara í þessa ferð, og ennfremur að þeir vildu hvetja alla til dáða sem ættu þess kost að nýta sér svona tækifæri.

Það sem við gætum hinsvegar kennt Norðmönnum varðar öryggismálin. Þau virtust vera í slæmum farvegi í verksmiðjunum sem við skoðuðum



Áframhald á þátttöku Eflingar í mannaskiptaáætlun Leonardó

Efling hefur nú þegar sótt um áframhaldandi þátttöku í mannaskiptaáætlunum Leonardóáætlunarinnar og var lögð inn umsókn fyrir tæplega 30 starfsmenn frá sex fyrirtækjum í fyrstu umsóknahrinu þessa árs.

Næsta umsóknahrina er í haust og mun Efling án efa taka þátt í henni einnig. Hér með lýsum við eftir áhugasömum félagsmönnum og fyrirtækjum sem væru tilbúin að taka þátt í þeirri umsókn.



Fyrirverandi starfsmenn Korpukots talið frá vinstri, Arna Rún Guðmundsdóttir, Ásthildur Sigurgeirsdóttir, Hrefna Núpdal og Sara Hörn. Á myndina vantar Karlottu Jensdóttur

Fyrirvaralausar uppsagnir á Korpukoti

Viðbrögð ekki í neinu samræmi við tilefni

- segir Sara Hörn, fyrirverandi starfsmaður

Efling stéttarfélag stendur nú í málarekstri við rekstraraðila einkarekna leikskólans Korpukots, vegna uppsagnar fimm starfsmanna. Þrjár eru einstæðar mæður og ein á að eiga í ágúst. Þær telja uppsögnina vera ólög-mæta og leituðu til félagsins sem hefur tekið undir það ásamt lögmanni félagsins sem bendir á áminningarferli vegna minni háttar brota. Fyrirvaralaus uppsögn á ekki við nema starfsmaður hafi brotið alvarlega af sér í starfi sem á ekki við í þessu tilvik.

Samkvæmt upplýsingum Eflingar hefur þessu ákvæði nær eingöngu verið beitt ef starfsmennirnir hafa beinlínis gerst brotlegir við hegningarlög eða mætt drukknir til umönnunarstarfa. Ekkert slíkt eigi við í þessu máli og því stefnir í að málið fari fyrir dóm.

Sara Hörn, ein af konunum sem fékk upp-

sagnarbréf, segir að þremur konum sé gefið að sök að hafa yfirgefið vinnustað sinn til að hittast á fundi þann 14. janúar sl. án þess að óska leyfis eða gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna fjarveru. En tveimur starfsmönnum var gefið að sök að hafa mætt á fundinn meðan þær voru í veikindaleyfi. Hún segir að þessar ásak-anir séu fyrirsláttur. Pennan dag var ég heima hjá veiku barni, þegar ég frétti að til stæði að halda fund um langvarandi óánægju okkar með starfshætti og rekstur leikskólans, segir hún. Fundurinn var haldinn heima hjá einni úr hópnum sem hafði farið veik heim fyrir um morguninn. Tilefnið var að við höfðum óskað eftir starfmannafundi með leikskólastjóranum til að ræða ýmilegt í starfsháttum á leikskólanum sem við vorum óánægðar með en því var hafnað. Þá var haft samband við eigendur leik-

skólans og kvartað yfir leikskólastjóranum. Í framhaldi af því boðaði hún til starfmannafundar en lét vera að boða okkur fimm. Eftir fundinn upplýsti hún okkur um að aðalræðuefnið hefði verið hversu slæman starfsanda við hefðum skapað á leikskólanum, en að öðru leyti væri efni fundarins trúnaðarmál. Daginn eftir óskuðum við eftir frekari skýringum og var þá sagt að við yrðum hver um sig kallaðar á fund.

Þetta vildum við ekki sætta okkur við og ákváðum að halda fund í hádeginu á rólegasta tíma dagsins á leikskólanum. Sara segir, að konurnar sem komu úr vinnunni á fundinn hafi látið leikskólastjóran vita og að hún hafi ekki andmælt þessum áformum. Einnig létu þær aðra starfsmenn vita, þannig að við teljum alveg fráleitt að það hafi skapast hættuástand á leikskólanum, þessa einu og hálfu klukkustund sem fundurinn stóð eins og haldið hefur verið fram. Við gerum okkur grein fyrir að konurnar sem fóru úr vinnunni á fundinn voru brotlegar, en viðbrögðin eru ekki í neinu samræmi við tilefnið. Þess má geta að sólhring síðar var tveimur okkar boðin vinna aftur og hærri laun gegn algerum trúnaði gagnvart hin-

um sem sagt var upp. En því var hafnað.

Ennfremur segir Sara Hörn að konurnar hafi ekki fengið greidd laun í uppsagnarfresti og hafi því verið tekjulausar frá 14. janúar. Út- hlutunarnefnd atvinnuleysisbóta hafnaði beiðni okkar um atvinnuleysisbætur þar sem við eigum inni þriggja mánaða laun í uppsagnarfresti hjá vinnuveitanda til 30. apríl nk. Við búumst hinsvegar ekki við að fá þau laun greidd fyrir en að loknu dómsmáli sem getur tekið 18 mánuði. Við höfum líka leitað til Félagsþjónustunnar, og fengið þau svör að líklega uppfyllum við ekki skilyrði til að fá styrki eða bætur hjá þeim þannig að staða okkar er vægast sagt orðin slæm.

Aðspurð, hvað þær hefðu verið að ræða á þessum afdrifaríka fundi, segir Sara að þær hafi t.d. rætt, hvernig hægt væri að fá rekstrar- aðila leikskólans til að gera skil á öllum launa- tengdum gjöldum sem dregin hafi verið af þeim síðan í febrúar 2002. Þá hefðu þær rætt um mikið vinnuálag vegna þess að alltof fáir starfsmenn hefðu verið á leikskólanum. Einnig hefði verið rætt um starfshætti leik- skólastjórans sem þær voru allar mjög óánægðar með.

Efling spyr

Hver ber ábyrgð á einkareknum leikskólum?

Á undanförunum mánuðum hafa starfsmenn á nokkrum einkareknum leikskólum leitað til Eflingar-stéttarfélags vegna van- goldinna launatengdra gjalda og fleiri þátta sem ekki hafa verið í lagi hjá þessum aðil- um. Auk launa- og réttindamissis hafa starfsmenn af þessum sökum ekki getað fengið fræðslustyrki eða notið annarra réttinda sem fylgja launagreiðslum. Það al- varlegasta er þó að geiðslur í lífeyrissjóð hafa ekki borist mánuðum saman. Hér er um bein lögbrot að ræða og mál starfs- mannanna eru nú í lögfræðiinnheimtu hjá Eflingu.

Sú krefjandi spurning hlýtur að vakna hver beri ábyrgð á rekstri einkarekinna leikskóla. Skólarnir fá rekstrarfé frá Leik- skólum Reykjavíkur og einnig rekstrar- leyfið. Einkarekstur hefur verið lausnar- orð hjá mörgum opinberum aðilum og stjórnmalaflokkum á undanförunum árum. Spurningin hlýtur því að vera hvar ábyrgð- in liggi og hvort fé sem tekið er af skatt- peningum borgarþúa megi verja með þess- um hætti.

Góðir leikskólar í Reykjavík

Í áratugi hafa verið reknir leikskólar í Reykjavík af öðrum en Leikskólum Reykjavíkur og hafa flestir staðið sig með afbrigðum vel en nú á síðari árum hafa ver- ið að koma upp mál þar sem dæmi eru um að rekstraraðilar valda ekki rekstrinum. Í þeirri stöðu hafa sumir rekstraraðilar ein- faldlega hætt rekstri en aðrir hafa lent í innheimtuaðgerðum og síðan annaðhvort lokað eða komið sínum málum á hreint.

Á alvarlegra stig

En nú eru í gangi mál hjá tilteknum rekstraraðilum sem eru mun verri viður- eignar. Því miður virðist um að ræða markvissan ásetning um að hlunnfara starfsmenn, brjóta lög og kjarasamninga um lögbundnar greiðslur af starfsmönnum til opinberra aðila, sjóða og stéttarfélaga.

Það er því kallað eftir ábyrgð þeirra sem leggja fé skattgreiðenda í rekstur að innra eftirlit sé með þeim hætti að starfsmönnum sé óhætt að ráða sig til vinnu.



Kristjana Valgeirsdóttir, Sveinn Ingvason, Garðar Vilhjálmsson og Guðrún Óladóttir

Efling-stéttarfélag

Sviðsstjórar á skrifstofu

Skipulagsbreytingar hafa verið ákveðnar á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags. Fjórir sviðsstjórar taka við daglegri umsjón sviða. Markmiðið er að gera allt starf á skrifstofu markvissara. Garðar Vilhjálmsson verður fræðslustjóri Eflingar, Guðrún Óladóttir, forstöðumaður sjúkrasjóðs, Sveinn Ingvason, forstöðumaður orlofssjóðs og Kristjana Valgeirsdóttir sem verið hefur gjaldkeri Eflingar verður fjármálastjóri félagsins. Meginatriði í þessum breytingum er að skilja daglega ábyrgð og umsjón betur frá stefnumótandi og félagslegum ákvörðunum.

Sviðsstjórar vinna í nánun samstarfi við formenn sjóða. Meginatriði breytinganna eru þau að leitast er við með nýjum starfslýsingum sviðsstjóra að skilgreina ábyrgð á daglegum rekstri frá ákvörðunum sem tengjast stefnumótun. Sviðsstjórnar hafa umsjón með verkefnum, sjá um undirbúning funda og framlagningu gagna á fundum, samstarf við formenn sjóða og aðra tengiliði og bera ábyrgð gagnvart fjármálum með endurskoðendum og fjár-

málastjóra. Þá er gert ráð fyrir að sviðsstjórar fylgist með þróun á sínu sviði, bæði innan lands og utan og hafi frumkvæði við gerð kynningar og kennsluefnis. Sviðsstjórar skulu vinna að ákveðnum úttektum á stöðu sjóðanna og sinna kennslu um sjóðina ef óskað er. Þeir koma að öllum samningum sem gerðir eru á sviðinu. Sviðsstjórar sinna nefndarstörfum fyrir félagið eftir óskum stjórnar Eflingar og tilnefningum hverju sinni.

Þessi breyting á skipulagi skrifstofu Eflingar tekur gildi frá og með 1. mars 2003.

Orlofsuppbót

Launamenn athugið

Minum á orlofsuppbótina.
Allar nánari upplýsingar á skrifstofu
Eflingar í síma 510-7500, í
kjarasamningum eða á heimasíðu
félagsins www.efling.is

Líflegir morgunverðarfundir



Efling-stéttarfélag hefur að undanfögnu haldið morgunverðarfundir með félagsmönnum sem valdir eru tilviljanakennt af félagsskrá. Markmiðið með fundunum er að leita eftir skoðunum félagsmanna og viðhorfum til starfsemi félagsins. Á fundunum hefur átt sér stað opin umræða um alla helstu þætti í starfinu, fjallað um þjónustu skrifstofu, orlofsmál og sjúkrasjóð Eflingar svo nokkuð sé nefnt. Einnig hefur farið fram umræða um kjaramál og stöðu þeirra í félaginu. Skemmst er frá því að segja að þessir fundir hafa verið gefandi

fyrir stjórnarmenn, starfsfólk og einnig hafa félagsmenn verið ánægðir með þessa nýjung í félagsstarfinu. Fréttablað Eflingar leit við á einn fundinn og ræddi við Þorbjörgu Kristjánsdóttur í Granda og Sigurveigu Kristínu Guðmundsdóttur, sem starfar hjá Björgun h.f.

Mjög ánægð með fundina

- segir Þorbjörg Kristjánsdóttir í Granda



Þorbjörg Kristjánsdóttir

Þorbjörg Kristjánsdóttir, vinnur í fiski hjá Granda hf, og er trúnaðarmaður. Hún var mjög ánægð og sagði að margt áhugavert hefði komið fram á fundinum. Fyrst fór fram kynning á félaginu og síðan var rætt um kjaramál, orlofsmál og ýmis fleiri mál. Fundarmenn komu með margar áhugaverðar spurningar sem var svarað greiðlega og oft urðu líflegar umræður í framhaldi af því. Það sem kom mér kannski mest á óvart á fundinum, er að það virðist vanta trúnaðarmenn á vinnustaði. Það finnst mér mjög slæmt. Fólk virðist vera hrætt við að taka að sér trúnaðarmannastarfið, sagði Þorbjörg.



Sigurður Bessason við hlið Péturs Guðjónssonar sem stjórnaði fundunum

Lofsvert framtak

- segir Sigurveig Kristín Guðmundsdóttir hjá Björgun

Sigurveig Kristín Guðmundsdóttir vinnur í mótuneyti hjá Sand og malarsölunni Björgun hf, í Sævarhöfða. Hún sagði að fram að þessu hefði hún bara greitt félagsgjaldið en að öðru leyti hefði hún lítið vitað um félagið. En núna, er ég mun upplýstari um félagsstarfið og réttindi mín varðandi kaup og kjör. Ég hef t.d. þurft að sækja sjúkraþjálfun að undanfögnu og mér fannst gott að komast að því að ég get sótt um styrk til að greiða hana að hluta. Annars er þetta kannski ekki alveg rétt, því að ég fæ fréttablaðið sent heim og þar eru birtar ýmsar gagnlegar upplýsingar. Fyrir skömmu sá ég kynningu á Grunnmenntaskólanum og ákvað að sækja um og er í námi þar núna. Mér finnst þetta framtak félagsins, að boða fólk frá mörgum fyrirtækjum sem vinna ólík störf, til morgunverðarfundar þar sem hægt er að fá upplýsingar og skiptast á skoðunum, mjög lofsvert. Ég á örugglega eftir að kynna mér félagið betur því að nú er áhuginn vaknaður, sagði Sigurveig að lokum.





Efling mótmælir uppsögnum Vegagerðarinnar

„Dregið úr öryggi vegfarenda“

- segja starfsmenn

Formaður Eflingar, Sigurður Bessason, hefur á undanförunum vikum fundað með starfsmönnum Vegagerðarinnar eftir að fyrirtækið ákvað að leggja niður starfstöðina í Grafarvogi og segja um leið upp 18 starfsmönnum af 33 frá og með næstu áramótum. Jafnframt liggur fyrir að sumarstörfum verður fækkað sumarið 2003 og ekki verði þörf fyrir þau störf að mati Vegagerðarinnar 2004. Þessi áform hafa vakið mikla reiði og vonbrigði starfsmanna á sama tíma og ríkisstjórnin tilkynnir um milljarða fjárframlög til vegagerðar um allt land. Þá telja starfsmenn að þessi áform muni þýða verulega slökun á öryggiskröfum á þjóðvegum þegar þetta er komið til framkvæmda.

Ekki hafa samt verið lagðar fram neinar tölur um rekstrarlegan sparnað af þessum áformum eða það hafi verið sýnt fram á að þessar

Efling mótmælir því að öll verk á sviði Vegagerðarinnar verði hagkvæmari með því að setja þá í verktöku

breytingar leiði til bætts öryggis á vegum.

Pvert á móti telja starfsmenn að verið sé að draga úr öryggi og að ekki séu gerðar sömu kröfur til undirverktaka Vegagerðarinnar varðandi hvíldartímaákvæði og starfsmanna Vegagerðarinnar. Starfsmenn benda á að Vegaeftirlitið fylgist grannt með starfsmönnum Vegagerðar eins og þeim ber skylda til en það sama gildi ekki um verktaka hjá Vegagerðinni. Fram kemur hjá starfsmönnum að hjá þeim verktökum sem hafa tekið að sér snjómokstur hjá Vegagerðinni á Hellisheiði og Vesturlandsvegi séu hvíldartímamál þverbrotin.

Verklýðsfélagið Rangæingur er með mál í gangi á hendur verktakanum sem sér um Rangarvallasýslu vegna brota á hvíldartíma.

Það vekur sérstaka athygli starfsmanna að Vegagerðin gerir ráð fyrir að sérstakur bíll verði til aðstoðar við verktaka fyrstu eitt til tvö árin sem umsjón vega er í höndum verktaka. Starfsmenn benda réttilega á að verstu veðrin ná til alls þessa svæðis og þá gagnast lítið einn bíll til viðbótar en spyrja jafnframt hvað gerist eftir tvö ár þegar þessi bíll fellur út.

Efling mótmælir þessum áformum Vegagerðarinnar að leggja niður vel rekna rekstrareiningu og er þá sérstaklega með tilliti til starfsmanna Vegagerðarinnar sem þjónað hafa fyrirtækinu dyggilega og þá ekki síður vegna öryggissjónarmiða.

Efling mótmælir því að öll verk á sviði Vegagerðarinnar verði hagkvæmari með því að setja þá í verktöku. Ólíklegt verði að telja að verktakar liggi með þann tækjabúnað sem til þarf til þess að geta boðið í verk að þessum toga hjá Vegagerðinni enda hafa stærri verktakar ekki sinnt því að bjóða í þessi verk. Verið sé að fórna öryggissjónarmiðum vegfaranda og vinnumhverfi starfsmanna fyrir verulega minni hagsmuni. Efling bendir á aðrar lausnir til að spara fé í fyrirtækinu.

Reynslan sýnir okkur að í stað vel skipulagðrar þjónusu við vegina taka við einyrkjar sem treysta því að fá að vinna óáreittir langt út fyrir eðlileg tímamörk.

Efling skorar á Vegagerðina að endurskoða málið, vegna öryggissjónarmiða, ástands á vinnumarkaði og síðast en ekki síst vegna þeirra starfsmanna sem unnið hafa ótult starf á vegum Vegagerðarinnar. Þá hafa starfsmenn sent forsætisráðherra bréf þar sem þeir óska íhlutunar hans um málið.

Smelltu á www.efling.is

Í heimsókn á Grund

Mikilvægast að miðla upplýsingum

- segja Magdalena Kristinsdóttir og Sigrún Kristjánsdóttir



Flestir hafa einhvern tíman heyrt minnst og Elliheimilið Grund, og margir vanið komur sínar þanga í heimsókn til ættingja og vina í gegnum árin. Dvalar- og Hjúkrunarheimilið Grund, eins og það heitir í dag var vígt við há-tíðlega athöfn 29. október 1922 og varð 80 ára á síðasta ári. Núna starfa þar nokkrir tugir Eflingarfélaga við umönnun heimilsfólks, ræstingar og fleira, flest konur. Og að þessu sinni heimsækjum við nokkrar af þessum dugmiklu konum til að forvitnast aðeins um líf þeirra á vinnustaðnum.

Fyrst hittum við Magðalenu Kristinsdóttur og Sigrúnu Kristjánsdóttur. Þær eru trúnaðarmenn Eflingar á Grund og tóku við starfinu í desember síðastliðnum. Magðalena hefur unnið við umönnun í 6 ár en Sigrún í 15 ár. Þær sögðu að aðbúnaður fyrir starfsmenn og vinnuadstaða hefði skánað mikið á undanförunum árum og væri alveg þokkaleg núna. Við höfum aðgang að fataskápum sem hægt er að læsa og mótuneyti. Svo eru komnar lyftur til að auðvelda samgöngur á milli hæða. Sigrún vinnur á næturvöktum og vinnutíminn væri frá klukkan 11.30 - 07.30 á morgnanna. Magðalena vinnur á tvískiptum vöktum, annað hvort á morgunvakt eða kvöldvakt. Það er algengasta vinnufyrirkomulagið hjá starfsmönnum á Grund.

Hvað launamálin varðar, þá voru þær sam-mála um að fólk væri ekki sátt við þau og að mikið vantaði uppá til að svo gæti orðið. Það mætti t.d. athuga hvort ekki væri hægt að fjölga launatengdum námskeiðum til að bæta kjörin.

Öflugri miðlun upplýsinga

Aðspurðar um trúnaðamannastarfið, svöruðu þær að starfstími þeirra á þeim vettvangi væri skammt á veg kominn. En samt hefðu nokkur erfið mál komið upp sem misjafnlega hefði gengið að leysa úr svo vel væri. Vinkonurnar sögðu jafnframt að hin hliðin á starfinu þ.e. að miðla upplýsingum til vinnufélaganna væri mun jákvæðari og skemmtilegri og þess vegna hefðu þær ákveðið að vera mjög duglegar við þau störf. Á næstu vikum, langar þær líka til að halda fund með starfsmönnum þar sem alls konar upplýsingar um réttindi og skyldur berast til þátttakenda, þeim til mikils gagns og gleði.

Þær telja að vinnufélagarnir séu frekar illa upplýstir um þessi mál og þær vilja gera sem mest til að bæta úr því, sögðu þær Magðalena og Sigrún að lokum.

Væri hægt að fjölga launatengdum námskeiðum til að bæta kjörin



Jónína Þorvaldsdóttir

Duglegar konur í erfiðum störfum

Jónína Þorvaldsdóttir, vinnur á tvískiptum vöktum við aðhlynningu á Grund. Á morgunvaktinni er unnið frá 08.00-15.30 en á kvöldvaktinni frá 15.30-23.30. Einnig er hún að starfi aðra hvora helgi. Launin er afskaplega lág, segir hún. Í þessu ábyrgðamiklu starfi mundi ég vilja sjá þau svolítið hærri, segir hún. Starfsandinn er mjög góður á deildinni þar sem ég vinn og konurnar eru afskaplega duglegar í sínum erfiðum störfum, segir hún.

Ég var að koma úr þriggja vikna vetrarleyfi, sem ég notaði aðallega til að vera heima hjá mér og finnst ég vera alveg endurnærð. Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt fyrir okkur sem vinnum við aðhlynningu, að geta tekið frí yfir vetrartímann til að endurnýja kraftana.

Við erum með starfsmannafélag sem sér um að halda árshátíð og svo er yfirleitt farin ein ferð út á land á sumrin. Þá eru haldin spíla-kvöld og ýmsar fleiri uppákomur sagði Jónína að lokum.



Jónína Þorvaldsdóttir

Mjög góð samvinna

- segir Marta Jensen

Í borðsalnum, var Marta Jensen, að fjarlægja óhreint leirtau af borðum, en gaf sér samt tíma til að ræða stuttlega við okkur. Marta sagði að fyrir utan það að hreinsa af borðum, þá sæi hún um að skammta matinn og bera á borð. Síðan þyrfti að vaska upp og skúra gólfíð. Í kaffitímum gengur þetta eins fyrir sig. Ég vinn frá sjö að morgni til þrjú síðdegis og aðra hvora helgi. Launin eru frekar lág eins og verkamannalaun eru yfirleitt, segir hún.

Við erum fimm hér sem vinnum í borðstofunni og samvinnan er mjög góð hjá okkur sagði Marta að lokum og hélt áfram við leirtauíð.



Marta Jensen

Dechen Namgyal

Hjálplegir vinnufélagar

Á einum ganginum varð kona á vegi mínum. Hún var mjög kvik í hreyfingu, þar sem hún stýrði moppunni fimlega á gólfinu. Hún sagðist heita Dechen Namgyal og vera frá Tíbet, en hefði búið á Indlandi þar til fyrir tveimur árum, þegar hún kom til Íslands til að vinna á Grund. Ég hef allan tímann unnið við ræstingar og vinnufélagarnir eru mjög hjálplegir ef einhver vandamál koma upp. En það er sem



Dechen Namgyal

betur fer mjög sjaldan. Launin eru nokkuð góð, en það er ekki hægt að segja það sama um veðrið. Sérstaklega á veturna. Stundum eru haldnar skemmtanir fyrir starfsfólkið, þar sem boðið er upp á mat og tónlist. Þá mæti ég til að borða og dansa, sagði þessi geðþekka kona og dansaði áfram um gólfíð með moppuna í höndunum.



Linda Björnsdóttir og Guðný Gunnsteinsdóttir

Leita leiða til að störfín verði fjölbreyttari

- segja þær Linda Björnsdóttir og Guðný Gunnsteinsdóttir

Linda er hjúkrunarfræðingur starfsmanna og starfar innan deildar sem fæst við heilsu, öryggi og vinnuumhverfi og segir markmið deildarinnar að stuðla að því að vinnuumhverfi starfsmanna sé í samæmi við lög og reglugerðir um heilsu, öryggi og vinnuumhverfi. Lögð er áhersla á vellíðan á vinnustað, að starfsmenn fái tækifæri til að þroskast í starfi, fái hvatningu og stuðning og finni fyrir öryggi.

Guðný er einn af þremur sjúkraþjálfurum starfsmanna sem vinna á LSH. Sjúkraþjálfarar starfsmanna vinna með ýmsum leiðum að forvörnum gegn álagseinkennum og starfa oft í samvinnu við deild skrifstofu starfsmannamála.

Nýlega var gefin út námsskrá á vegum LSH þar sem kynnt eru ýmis námskeið sem starfsfólk hefur greiðan aðgang að. Sum þessara námskeiða hafa það meginmarkmið að fræða starfsfólk um leiðir til að draga úr álagi í vinnunni t.d. með góðri líkamsbeitingu, hagræðingu í vinnuumhverfi, bættum samskiptum, hreyfingu, slökun o.fl. Fréttablað Eflingar ræddi við þær Lindu og Guðnýju um þetta forvitnilega efni.

Þær fást við forvarnir sem tengjast vinnuumhverfi starfsfólks á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.



Eru margir sem leita til ykkar?

Til mín á göngudeildir komu um 950 manns á sl. ári., sem er þá bæði vegna heilbrigðisviðtals, sem öllum nýjum starfsmönnum er boðið upp á, ónæmisadgerða eða annarra vandamála sem eru tengd vinnu, segir Linda.

Ýmsir starfshópar leita til starfsmanna-sjúkraþjálfara. Oftast er fólk að biðja okkur um að meta vinnuaðstæður og leiðbeina um góða líkamsbeitingu, t.d. eru þeir sem vinna við skjávinnu duglegir að leita til okkar og við stundum beðnar um að gefa ráðleggingar þegar verið er að breyta vinnuaðstæðum eða kaupa inn húsgögn. Sumar legudeildir fá okkur reglulega í heimsókn og er þá tekin verkleg kennsla í góðri líkamsbeitingu, segir Guðný.

Eru einhver sérstök störf tekin og metin með tilliti til álags?

Ekkert eitt starf er metið frekar en annað, en við vitum að ákveðin störf geta valdið meiri álagi en önnur.

Ég vil benda á að í vinnuverndarlögunum frá 1980 er ekki gerð krafa um áhættumat, en nú er til umræðu á Alþingi, frumvarp til laga um breytingu á vinnuverndarlögunum og er þar gerð krafa um að fyrirtæki framkvæmi áhættumat, segir Linda.

Rannsóknir sýna að sá hópur sem minnst notar af hjálpartækjum eru ósérhæft starfsfólk. Hvernig bregðist þið við því?

Fyrst og fremst með námskeiðum og fræðslu. Á sjúkrahúsinu er til dæmis boðið upp á námskeið í vinnutækni, þar sem farið er í líkamsbeitingu og notkun hjálpartækja. Það hefur gengið erfiðlega að fá starfsmenn í umönnun til að koma á þessi námskeið, en mikilvægt er að deildarstjórar hvetji sitt fólk til að sækja þessi námskeið og auðveldi þeim það t.d. með því að leyfa starfsfólki að fara í vinnutíma.

Mikið er um að fólk gefist upp vegna álags í ræstingum og mótuneytum. Hafa verið gerðar einhverjar rannsóknir á þessum vinnusvæðum?

Innan LSH hafa verið gerðar rannsóknir um líðan starfsmanna við hin ýmsu störf t.d. gerði Sigrún Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur rannsókn á líðan starfsmanna í eldhúsi og þvottahúsi árið 2000.

Oft virðist fólk hætta vegna þess að því finnst þessi störf vera of einhæf. Þess vegna þarf að leita leiða til að gera störfín fjölbreyttari og starfsumhverfi sem ánægjulegast fyrir starfsfólk segir Linda.

Heilsuefling-forvarnarátak

Samhliða forvarnarstarfinu höfum við verið með nokkur átök í gangi þar sem fjallað er um samskipti og heilsu. Í febrúar vorum við með heilsueflingarátak sem stóð yfir í hálfan mánuð. Boðið var upp á gönguferðir, æfingar í hléum, blóðþrýstingsmælingar, þrekpróf og fitumælingar. Einnig bauð eldhúsið upp á hollusturétti og fræðslu. Starfsfólki líkaði þetta vel því að um tvö hundruð og fimmtíu manns tóku þátt í áttakinu, Guðný.

Á trúnaðarmannanámskeiði



Einar Guðbjartsson

Afskaplega gagnlegt

- segir Einar Guðbjartsson hjá Gatnamálastjóra

Einar Guðbjartsson, vinnur í Bækistöð 4 hjá Gatnamálastjóra og hefur verið trúnaðarmaður í tæp tvö ár. Hann sagði að þetta væri fyrsta trúnaðarmannanámskeiðið sem hann hefði sótt, og að fyrirlestrar leiðbeinenda hefðu fjallað um ákveðið námsefni sem tengdist störfum trúnaðarmanna. Núna er verið að fjalla um vinnurétt og það stendur kannski upp úr hjá mér í augnablikinu, vegna þess að leiðbeinandinn setur efnið upp á alveg frábæran hátt. Haukur Harðarson fjallaði um starf og stöðu trúnaðarmanna og gerði það mjög vel. Starfsmenn félagsins fjölluðu um kjarasamninginn og starfsemi félagsins af skörungsskap og Rannveig Einarsdóttir fór í gegnum námsefni sem fjallaði um einelti og samskipti á vinnustað. Hópurinn hefur verið mjög samstíltur og skemmtilegur, og þessi vika hefur verið afskaplega gagnleg og á örugglega eftir að bæta samskipti þátttakenda við félagið, sagði Einar að lokum.



Sigurrós Kristinsdóttir

Höfum lært heilmikið

- segir Sigurrós Kristinsdóttir á leikskólanum Sólhlíð

Sigurrós Kristinsdóttir er deildarstjóri á leikskólanum Sólhlíð og hefur verið trúnaðarmaður í rúmt ár. Hún var mjög ánægð með námskeiðið og sagði að námsefnið falli mjög vel að starfi trúnaðarmanna. Við höfum lært heilmikið á síðustu dögum um kjarasamninga, vinnurétt, starfsemi stéttarfélagsins og samskipti á vinnustöðum. Ég er ekki í nokkrum vafa um að allir sem tóku þátt í þessu námskeiði, eru mun hæfari til að gegna þessu starfi, og hafa meiri möguleika á að aðstoða vinnufélaga sína í erfiðum málum, sem geta komið upp á vinnustöðum. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum félagsins, sem hafa staðið að þessu námskeiði, kærlega fyrir frábæra frammistöðu við skipulag og aðbúnað þessa daga sem við höfum dvalið í húsakynnum félagsins, sagði Sigurrós og brosti.



Gaman að læra íslensku með Hólmfríði kennara sem sinnir barnfóstruhlutverkinu um leið og kennslunni

Pernur á Loftleiðum í starfstengdri íslensku

Taka miklum framförum

- segir Dagný Jónsdóttir

Hópur Eflingarfélaga sem starfa hjá hótél Loftleiðum og hafa ekki íslensku að móðurmáli, hafa stundað íslenskunám frá því í nóvember á síðasta ári. Dagný Jónsdóttir, yfirþerna á hótelinu segir að konurnar hafi tekið miklum framförum og samskiptin á vinnustaðnum séu nú mun auðveldari.

Mikil og góð samvinna starfsmanna og fræðslusjóðs Eflingar-Starfsafls varð til þess að útlendar þernur sem starfa hjá hótelinu hafa sótt starfstengt íslenskunámskeið á vinnustaðnum frá því í nóvember s.l. Fyrri námskeiðið þótti takast það vel að framhaldsnámskeið var haldið í samvinnu við hótelið aftur í janúar og febrúar.

Kennari frá Mími-símenntun sá ekki einöngu um að fræða þátttakendur og leiðbeina

við íslenskunámið heldur og einnig brá sér í hlutverk barnfóstru þegar þannig stóð á. Þátttakendur á íslenskunámskeiðinu voru á launum frá Hótél Loftleiðum meðan á námskeiði stóð, en það fór fram í þingsölum hótelsins. Áhugi kvennanna var slíkur að þær kom á námskeiðið á frívöktum sínum og þá voru stundum „auka“ nemendur með í för.

Dagný Jónsdóttir, yfirþerna á hótél Loftleiðum, segir að námskeiðin hafa tekist mjög vel og árangur framar vonum. Hún segir einnig að konurnar hafi tekið mjög miklum framförum og ekki síður að öll samskipti á vinnustaðnum eru auðveldari þar sem skilningur kvennanna á tungumálinu og íslensku samfélagi hafi aukist. Dagný sagði að lokum að áhugi kvennanna á áframhaldandi íslenskunámi sé mikill og ætli þær flestar að halda áfram.

Áhugi á áframhaldandi íslenskunámi er mikill og flestar ætla að halda áfram



Þjónusta fyrir þig?????

Áfram námsráðgjöf á vinnustöðum

Samskipsmenn áhugasamir



Frá námsráðgjöf hjá Samskipum

Námsráðgjöf Eflingar og Starfsafls hefur haldið áfram á fullum krafti. Um er að ræða námsráðgjafa sem fer á vegum félagsins út á vinnustaði t.d. í kaffistofu fyrirtækis og ræðir við félagsmenn Eflingar um áhuga þeirra á námi eða styttri námskeiðum, styrki til menntunar og þá möguleika sem bjóðast.

Það er sívaxandi áhugi á námi meðal félagsmanna Eflingar, fólk vill bæta þekkingu sína en er stundum óöruggt um hvernig skuli stíga fyrstu skrefin, segir Gunnlaug Hartmannsdóttir námsráðgjafi. Einnig er mikið um það að fólk viti ekki nákvæmlega hvar þau standi, hvort þau eigi að fara í byrjunarnámskeið í ensku eða framhaldsáfangu; hvaða tölvunámskeið henti þeim o.s.frv. Þá er einnig mikið spurt um möguleika á styrkjum og hvernig skuli bera sig að við þau mál. Einnig er fólk boðið að koma í einkatíma í námsráðgjöf í framhaldi af heimsókn okkar á vinnustaðinn og þó nokkrir hafa nýtt sér það, sagði Gunnlaug.

Fréttablað Eflingar leit við niður í Samskipum um þar sem Gunnlaug var að spjalla við nokkra hressa Eflingarfélaga sem vildu kynna sér möguleika sína til náms og námsstyrkja.

Nýtt nám í félagsþjónustu hittir í mark

Stór hópur mjög áhugasamur

- segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir



Við upphaf námsins mátti greina mikla eftirvæntingu

Efling-stéttarfélag og Félagsþjónustan í Reykjavík gerðu með sér samkomulag í síðustu samningum að boðið yrði upp á námsbraut fyrir starfsmenn heimaþjónustu og umönnunar. Í náminu yrði tekið tillit til reynslu og starfsaldurs. Það hefur verið unnið að þessari leið á mörgum stöðum til að tryggja það að námið yrði sniðið að þörfum starfseminnar og einnig að það uppfyllti kröfur í menntakerfinu.

Námið var kynnt á haustdögum fyrir starfsmönnum og þeim gefinn kostur á að sækja um til Félagsþjónustunnar. Það komu tæplega 90

umsóknir og inngöngu í námið fengu 54 starfsmenn. Farið var eftir starfsaldri og fleiri matsþáttum.

Námið hófst svo 4. og 5. febrúar s.l. og er annar hópurinn á morgnana og hinn hópurinn síðdegis einu sinni í viku. Stefnt er að því að náminu sé lokið í desember 2004.

Það gleður okkur hve stór hópur er áhugasamur um þetta nám, segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, sem unnið hefur með samstarfsfólki að menntamálum þessa hóps í langan tíma.



Hólmfríður E. Guðmundsdóttir kennari með tveimur áhugasömum nemendum

Landnemaskóli Eflingar

Skólinn kominn til að vera -segir Hólmfríður E. Guðmundsdóttur, verkefnastjóri

Landnemaskólinn hóf starfsemi sína í byrjun febrúar á síðasta ári og útskrifuðust 13 nemendur fyrsta árið. Annað skólaárið fór svo

af stað 28. janúar síðastliðinn, og hófu 16 nemendur námið. Hólmfríður E. Guðmundsdóttur verkefnastjóri, segir að fyrsta skólaárið hafi tekist mjög vel, og að nemendur hafi verið mjög ánægðir með skólann. Núna var mjög mikil aðsókn og færri komust að en vildu. Eins og í fyrra, er aðaláherslan lögð á íslenskukennslu, en einnig fer fram er kennsla á tölvur og svo er líka mikið fjallað um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi.

Þær breytingar hafa orðið frá því í fyrra að kennslustundum hefur fækkað úr 240 í 120, og kennslunni er dreift á vinnutíma og frítíma nemenda. Þetta er gert til að koma til móts við þá vinnuveitendur, sem eiga erfitt með að sjá af starfsmönnum sínum á vinnutíma. Hólmfríður segir að nemendur komi víða að. Í þessum hópi er t.d. fólk frá Póllandi, Rússlandi, Kína, Thaílandi, Filippseyjum og Suður-Ameríku. Ég held að þessi skóli sé kominn til að vera, vegna þess að hjá okkur er námið lengra og bíður upp á meira námsefni, en stuttu námskeiðin sem hafa verið í boði.



Íslenskan er án efa strembin fyrir marga

Þetta er gert til að koma til móts við þá vinnuveitendur, sem eiga erfitt með að sjá af starfsmönnum sínum á vinnutíma



Ludmila Titova

Íþróttakennari frá Sankti Pétursborg

- á leið í háskólann!!!!

Ludmila Titova, er frá borginni Astrahan í Suður-Rússlandi, og kom til Íslands vorið 1999. Hún kennir börnum af erlendum uppruna frá 6 ára aldri til 15 ára íslensku og ýmislegt um samfélagið, til að auðvelda þeim að búa hér. Ludmila sagði að fyrst þegar hún kom til landsins hafi hún verið ein á ferð. En svo komu tveir synir mínir og móðir og eru hjá mér núna. Ég sóttist eftir að komast í Landnemaskólan til að læra meira í íslensku, vegna þess að okkur líkar mjög vel að búa hér.

Ég útskrifaðist sem íþróttakennari frá háskólanum í Sankti Pétursborg og gæti vel hugsað mér að fara í háskóla hér. Þessir dagar, sem eru liðnir síðan skólinn byrjaði, hafa verið mjög lærdómsríkir og skemmtilegir, og frammistaða kennarana lofa góðu um framhaldið, sagði Ludmila að lokum.



Ludmila Titova


Nauðsynlegt að læra málið

- segir Jian Xin Yan frá Peking

Jian Xin Yan, kom frá Peking í Kína árið 1993 og hefur búið hér allar götur síðan. Hann sagði, að sér og fjölskyldu sinn líkaði mjög vel að búa á Íslandi. Ég er búin að vinna á nokkrum stöðum síðan ég kom hingað fyrst. En núna vinn ég hjá fyrirtæki sem heitir **Hollt og Gott** og framleiðir m.a. grænmetisalöt í boxum.

Aðspurður sagðist Jian hafa farið í Landnemaskólann til að læra betur íslensku. Það er alveg nauðsynlegt fyrir okkur sem komum frá útlöndum að læra málið til að geta haft eðlileg samskipti við íslendinga í vinnunni, og ekki síður annarstaðar í samfélaginu. Þá er tölvukennslan líka af hinu góða.

Mér hefur liðið mjög vel í þessum hópi. Ég hef kynnst mörgu skemmtilegu fólki frá ýmsum þjóðlöndum. Ekki hefur það heldur skyggt á gleðina, að heyra frásagnir af ýmsum sérkennilegum og oft skemmtilegum siðum og háttum í heimalöndum þeirra, sagði Jian og brosti.



Jian Xin Yan



Grunnmenntaskóli Eflingar hefst að nýju

Nýtt tækifæri til menntunar

- segir nýr skólastjóri

Gunnlaug með hressum og námsfúsum stelpum í Grunnmenntaskólanum

Annað skólaár Grunnmenntaskólans hófst 3. febrúar síðastliðinn. Tíu nemendur byrjuðu í fyrri lotu námsins og stendur hún fram á vor. Seinni lotan er svo fyrirhuguð í haust. Gunnlaug Hartmannsdóttir, sem er nýtekin við starfi skólstjóra, segist vera mjög ánægð með að skólinn sé kominn af stað. Grunnmenntaskólinn hefur það að markmiði að skapa fólki sem hefur litla eða enga menntun ný tækifæri til náms og auka þannig möguleika sína á að byggja sig upp og skapa sér betri möguleika í lífinu.

Námstíminn hefst á sjálfsstyrkingu og hópefli, og er það gert til að efla hópinn og skapa betri samstarfsvettvang. Síðan tekur við bóklegt nám með megináherslu á íslensku, ensku, stærðfræði og tölvunám. Við endum fyrri lotu á starfsráðgjöf þar sem áherslan er á að meta stöðuna og setja markmið varðandi frekara nám og störf, segir hún.

Breytingar á skólanum

En hafa orðið einhverjar breytingar á starfsemi skólans?

Eina breytingin er að nú byrjum við klukkan fjögur í stað fimm og hættum klukkan átta. Fá þá starfsmenn samþykki vinnuveitenda til að fara fyrir úr vinnu þá daga sem kennt er.

Þetta er til komið vegna þess að nemendum fannst þeir vera of lengi frameftir á kvöldin í skólanum.

Að öðru leyti störfum við áfram við sama skipulag, kennt er tvo virka daga í viku og annan hvern laugardag. Náminu er skipt í tvær lotur og er hvor um sig 150 kennslustundir. Í fyrri lotunni er lögð áhersla á íslensku, ensku og tölvunámið, en svo bætist stærðfræðin við í seinni lotunni. Þá bjóðum við námsráðgjöf fyrir nemendur sem hafa áhuga á frekara námi. Að skólaárinu loknu fá nemendur afhent prófskríteini við hátíðlega athöfn.

Kominn til að vera

Er Grunnmenntaskólinn kominn til að vera?

Það vona ég, en það er erfitt fyrir mig að meta það svona í upphafi starfsins. Ég get þó sagt að ég hef þá tilfinningu fyrir þessu verkefni, að sé nauðsynlegt að bjóða upp á fullorðinsfræðsu í skóla eins og þessum. Ef langt er síðan fólk var í skóla er þetta góður kostur að byrja á til að leggja grunn að frekara námi. Því mörgum þykir ekki vænlegur sá kostur að innritast í almennan framhaldsskóla og treysta sér hreinlega ekki til þess sagði Gunnlaug að lokum.

Mörgum þykir sá kostur ekki vænlegur að innritast í almennan framhaldsskóla og treysta sér hreinlega ekki til þess





Frábært fólk

- segir Unnur Finnsdóttir hjá Íslandsbanka

Unnur Finnsdóttir, vinur í mótuneyti í Íslandsbanka á Kirkjusandi, og hefur unnið þar í fjögur ár. Aðspurð af hverju hún hefði sótt um inngöngu í Grunnmenntaskólann, sagðist hún hafa séð auglýsingu um skólann í Fréttablaði Eflingar, sem hefði strax vakið áhuga sinn. Og eftir smá umhugsun hefði hún svo ákveðið að sækja um og telji sig vera mjög heppna að hafa fengið inngöngu.

Hvernig líkar þér svo vistin í skólanum?

Ég er mjög ánægð með skólavistina þann

stutta tíma sem liðinn er frá því að skólinn byrjaði. Og mér list vel á námsefnið og kennarana. Þessi hópur er skipaður frábæru fólki, sem er bæði skemmtilegt og og svo eru nemendur mjög áhugasamir um námið. Mér finnst að ég hafi nú þegar, fengið mikið út úr þessu, sagði Unnur og geislaði af áhuga.

Ólafur Haraldsson hjá Nóa Síríusi

Takmarkið að ljúka þessu námi



Ólafur Haraldsson

Ólafur Haraldsson hefur unnið hjá Nóa Síríusi síðastliðin 7 ár, og sér m.a. um að búa til Nóakroppið vinsæla. Upphaflega ástæða þess að hann hefði sótt um inngöngu í skólann var sú að hann hafði mikinn áhuga á að læra ensku. Margir vinnufélagar mínir eru af erlendum uppruna og það er nauðsynlegt að geta talað ensku sæmilega ef maður vill vera í góðu sambandi við þá, sagði hann.

En eftir að skólinn byrjaði finnst mér allar námsgreinar jafn áhugaverðar. Í upphafi lærðum við um sjálfstyrkingu og hópefli, og það hafði greinilega mjög góð áhrif á hópinn. Núna er aðal takmarkið hjá mér, að ljúka þessu námi og hafa það skemmtilegt. Svo sér maður til með framhaldið, sagði Ólafur að lokum.

Námskeið um fjármál heimilanna



Ungt fólk þarf ekki síst á fjármálaráðgjöf að halda, en tekið skal fram að þessi ungmenni tengjast ekki námskeiðum um fjármál heimilanna

Efling-stéttarfélag hyggst standa að námskeiði um fjármál heimilanna fyrir félagsmenn ef næg þátttaka fæst. Á námskeiðinu er farið í ýmis ráð og leiðir til að halda utan um heimilisbókhaldið og dæmi tekin af kostnaði við einstaka rekstrarþætti heimilisins og hvernig ýmislegt má betur fara.

Námskeiðið verður haldið 10. apríl, frá kl. 19:00 - 22:00. Skráning og upplýsingar er á skrifstofu Eflingar (Huldu) í síma 510-7500 eða með tölvupósti efling@efling.is

Smelltu á www.efling.is



Eftir fundinn var trúnaðarmönnum boðið til kvöldverðar á Grand Hótel



Helga Braga flutti trúnaðarmönnum gamanmál



Glæsilegur hópur trúnaðarmanna í salarkynnum Eflingar

Fundað með trúnaðarmönnum

Skemmtilegir kvöldfundir

Öllum trúnaðarmönnum Eflingar-stéttarfélags var boðið til fundar í síðasta mánuði. Á annað hundrað trúnaðarmenn mættu á fundina. Fundirnir voru velheppnaðir og hinir skemmtilegustu eins og stefnt var að. Sigurður Bessason og Þórunn Sveinbjörnsdóttir skýrðu frá því helsta sem er á döfinni hjá félaginu um þessar mundir og Bjarney Sigurðardóttir, starfsmaður Framsýnar, fræddi fólk um sér eignasparnað hjá lífeyrissjóðnum og annað því tengt.

Helga Braga Jónsdóttir leikkona las úr bókum Böðvars Guðmundssonar um Vesturfara og fór einnig með gamanmál. Guðmundur Þ Jónsson stjórnaði fundunum. Eftir fundina var trúnaðarmönnum boðið í mat á Grand Hótel það sem fólk spjallaði saman og kynntist. Einn tilgangur fundanna var einmitt að trúnaðarmenn félagsins fái tækifæri til að kynnast og miðla hver öðrum af reynslu sinni.

Smelltu á www.efling.is

Fjöldmenn ráðstefna um mat á óformlegu námi

Purfum að fara nýjar leiðir

- segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir



Hluti ráðstefnugesta við upphaf ráðstefnunnar

Nú fyrir stuttu var haldin fjöldmenn ráðstefna um mat á óformlegu námi á vegum menntamálaráðuneytisins. Til ráðstefnunnar var boðið Norðmanninum Bård Pettersen, sem er sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu þar í landi. Hann kynnti norsku leiðina svokölluðu en Norðmenn eru mjög framarlega í vinnslu á matskerfi sem metur bæði óformlegt nám og starfsreynslu á vinnumarkaðnum.

Eflingu-stéttarfélagi var boðin þátttaka og flutti Þórunn Sveinbjörnsdóttir stutt erindi um reynslu af mati á bæði formlegu og óformlegu námi sem unnið hefur verið fyrir samningsaðila sérstaklega innan heilbrigðis- og félagsgeirans

en er nú að verða sífellt meiri þörf fyrir hjá félagsmönnum Eflingar-stéttarfélags.

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir segir að mikið sé um að fólk leiti eftir hvort nám og starfsreynsla geti verið metin til frekara náms. Á þessari ráðstefnu kom fram að mikill vilji er til að vinna frekar að því að Íslendingar reyni að fara nýjar leiðir til mats á óformlegu námi á komandi árum svipað og norska leiðin. Við höfum fylgst með Norðmönnum og árangri þeirra á undanförunum árum og teljum að þeir geti verið vegvísar í þessu efni fyrir framtíðina, segir hún.



Ragnar Ólason og Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir á fundi með starfsmönnum

Trúnaðarmaður kosinn og rætt um mennta og lífeyrismál á

Leikskólanum Dvergasteini

Nú í janúar hófust vinnustaðaheimsóknir af fullum krafti hjá Eflingu og hefur verið farið á um 10 vinnustaði þegar þetta er skrifað. Einn af þessum vinnustöðum er leikskólinn Dvergasteinn. Þar mættu fulltrúar Eflingar-stéttarfélags og kynntu m.a. starfsmenntunarleiðir og starfsmenntasjóð Eflingar og Reykjavíkurborgar. Einnig var séreignarsparnaður Lífeyrissjóðsins Framsýnar kynntur fyrir starfsmönnum. Rætt var um starfsmatið og þróun þess og að lokum var kosinn trúnaðarmaður fyrir Eflingarfélag. Sigríður Sólveig Þormóðsdóttir var kosin og býður Efling-stéttarfélag hana velkomna til starfa. Starfsmönnum gafst kostur á fyrirspurnum og umræðum sem alltaf eru góðar fyrir félagið og starfsmennina þar sem upplýsingar koma fram.

Smelltu á www.efling.is



Ómetanlegur stuðningur hreyfingarinnar

- segir Torfi Karl Antonsson, fyrrum formaður og framkvæmdarstjóri sveitarinnar

Torfi Karl á langan og farsælan feril að baki við Lúðrasveitina

Laugardaginn 8. mars síðasliðinn var haldið upp á 50. ára afmæli Lúðrasveitar Verkalýðsins. Hátíðarhöldin hófust á tónleikum í Langholtskirkju, þar sem eingöngu var flutt íslensk tónlist. Einnig kom fram lúðrasveit skipuð fjölmörgum eldri félögum, og lék fjögur lög undir stjórn fjögurra fyrrverandi stjórnenda við mikin fögnuð tónleikagesta. Um kvöldið var svo haldin árshátíð þar sem meðlimir sveitarinnar fögnuðu þessum merki tímamótum.

Það verða líka merk tímamót í lífi Torfa

Karls Antonsonar, náttúrufræðingi á Veðurstofu Íslands á næstunni því að hann hefur spilað með lúðrasveitinni í næstum 40 ár. Að því tilefni og einnig hálfra aldar afmælis sveitarinnar ræddi Fréttablað Eflingar við hann og spurði fyrst hver aðdragandi að stofnun sveitarinnar hefði verið.

Eftir því sem ég kemst næst þá voru starfandi hér tvær lúðrasveitir, Lúðrasveit Reykjavíkur og Lúðrasveitin Svanur og þar sem að margt fólk með mismunandi pólitískar skoðanir starfar saman, reis upp ágreiningur innan sveitanna um hvort að þær ættu að taka þátt í 1. maí hátíðarhöldunum þá um vorið. Sattir náðust ekki og þeir sem vildu taka þátt í hátíðarhöldunum klufu sig út úr þessum sveitum og stofnuðu Lúðrasveit Verkalýðsins 8. mars 1953, heima hjá Sigursveini D. Kristinssyni, sem er betur þekktur fyrir að hafa stofnað Tónskóla Sigursveins. Ég held að 12 til 14 félagar hafi verið í lúðrasveitinni þegar hún spilaði í fyrsta skiptið opinberlega í 1. maí kröfugöngunni 1954.

Kynni mín af Lúðrasveit Verkalýðsins hófust á haustdögum árið 1963. Þá var ég á þrettánda ári og byrjaður að læra á trompet í Tónskóla Sigursveins. Ég kynntist Sigursveini reyndar tveim árum áður í Ólafsfirði, þegar ég




Framhald á blaðsíðu 37

Aflagrandi

Vel tekið á móti fulltrúum Eflingar

Starfsmenn mættu vel á vinnustaðafundi hjá heimaþjónustustarismönnum í Aflagrandi á dögunum. Á fundinum lá fyrir að kynna ætti starfsmatið og séreignarsparnað á vegum Framsýnar og kjósa trúnaðarmann fyrir starfsmenn í Aflagrandi. Kosning trúnaðarmanns fór fram og var Freyja Magnúsdóttir kosin fyrir heimaþjónustuna og eldhúsið í Aflagrandi. Þessu næst fór fram kynning á starfsmenntasjóði starfsmanna og svarað fyrirspurnum m.a. um félagsliðanamið. Séreignarsparnaðurinn var kynntur og gengu nokkrir starfsmenn frá samningi að séreignardeildina um viðbótarlífeyrissparnað. Að því loknu fór fram kynning á starfsmatinu og hvernig sú undirbúningsvinna er að skila sér m.a. við forprófanir á starfsmatinu. Líflegar umræður urðu um leiðir til að ná fram réttlátara launakerfi fyrir starfsmenn.





Sandra Fairbairn

Hvaða kostum þurfa góðir starfsmenn að vera búnir?

Frumkvæði mestu máli skiptir

- Segir Sandra Fairbairn

Nýverið lauk Sandra Fairbairn við ritgerð sem hún skilaði sem lokaverkefni við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Í ritgerðinni tekur Sandra til skoðunar breytingar á vinnumarkaði eða öllu heldur hvaða kröfur starfsmenn þurfi að uppfylla til að þrífast sem best á nútíma vinnumarkaði sem einkennist að breytingum þar sem hugvitið tekur í æ ríkara mæli við af líkamlegri vinnu. Fréttablaði Eflingar lék forvitni á að vita meira um efnið og tók Söndru tali um helstu niðurstöður ritgerðarinnar.

Aðstæður fyrirtækja eru gjörbreyttar frá því sem áður var. Samkeppnisyfirburðir fyrirtækja grundvallast í síauknum mæli á þekkingu og stöðugri nýsköpun og þekking gegnir nú lykilhlutverki allsstaðar í kringum okkur. En þekking þarf að skila árangri og henni þarf því að vera hægt að beita á kerfisbundinn hátt. Það er ekki nóg að hafa góðar hugmyndir, upplýsingar, vitneskju eða þekkingu á tilteknum hlutum, atvinnulífið verður að geta nýtt sér þessa þekkingu til að skila árangri. Hér er það hlutverk þekkingarstarfsmanna sem er lykilatriði.

En hvaða kostum þurfa starfsmenn að vera búnir til að geta talist þekkingarstarfsmenn? Verða menn t.d. að hafa háskólagráður til að geta talist þekkingarstarfsmenn?

Sandra skrifaði ritgerð um þekkingarstarfsmanninn og nýjar áskoranir í stjórnun mannauðs



Alls ekki, hér er um að ræða starfsmenn sem hafa sérþekkingu af einhverju tagi, eru sérfræðingar á sínu sviði. Þetta eru starfsmennirnir sem byggja framlag sitt til vinnunnar frekar á þekkingu og sérkunnáttu en vöðvastyrk, eða a.m.k. samspili huga og handa. Þannig getur þekkingarstarfsmaður verið starfsmaður við framleiðslulínu í verksmiðju sem þróa með sér tækni eða aðferð við að vinna sitt verk. Þekkingarstarfsmaðurinn framleiðir ekki endilega áþreifanlega hluti heldur hugmyndir, upplýsingar, þekkingu og hugtök. Þannig getum við öll verið þekkingarstarfsmenn og erum það að vissu leyti flest hver þó í mismunandi miklu mæli sé.

Hvernig getum við þekkt út góða þekkingarstarfsmenn í hópi vinnufélaga?

Þetta er flókin spurning en í einni viðamikilli rannsókn sem var gerð og ég vísa til í ritgerð minni eru listaðir upp nokkrir þættir sem einkenna þessa starfsmenn öðrum fremur. Í fyrsta lagi skipti frumkvæði miklu máli, frumkvæði í því að gera meira heldur en ætlast er til að lágmarki, koma fram með nýjar hugmyndir og fylgja þeim eftir. Þá er mikilvægt að starfsmenn myndi sitt tengslanet, myndi sín sambönd og safni þannig og miðli þekkingu. Sjálfstjórn er einnig mikilvægur kostur samkvæmt þessari rannsókn, þ.e. að geta haft góða stjórn á tíma sínum, standa við skuldbindingar og ná markmiðum sínum. Að auki er árangursrík hópvinna mikilvægur þáttur í vinnu þekkingarstarfsmannsins, að hafa hæfileika til þess að samræma aðgerðir sínar við aðgerðir samstarfsmanna og gera þannig ráð fyrir sameiginlegri ábyrgð á vinnunni og útkomunni. Við þetta má bæta leiðtogahæfni, þ.e. hæfni til að móta og setja sameiginlega markmið; vera góður fylgjandi, þ.e. aðstoða leiðtogann við að ná markmiðum fyrirtækis; og svo að geta séð hluti í samhengi, geta sett sig í spor annarra og sjá hluti frá þeirra sjónarhorni, sagði Sandra Fairbairn að lokum.

Fróðleiksmolar

Er orlof innifalið í launum þínum?

Það er óheimilt að greiða orlofið með launum.

Framhald af blaðsíðu 34

var í sveita hjá afa og ömmu. Hann var með blokkflautunámskeið að sumarlagi í skólanum og ég var einn af þátttakendunum. Sigursveinn var mjög duglegur að drífa krakka sem vorum í skólanum til þess að spila opinberlega á tónleikum. Þegar ég var farinn að geta lesið nótur og haldið takti þá bauð hann mér í lúðrasveitina.

Mest karlar til að byrja með

Það voru 15 til 20 manns sem sáu um spíla-mennskuna fyrstu árin. Allt karlar, en reyndar hafði kona verið í sveitinni áður en hún stóð stutt við. Það er ekki fyrr en á síðari árum að konur fóru að koma í einhverju mæli í sveit-inna og hefur farið ört fjölgandi síðan og ég held að það sé bara nokkuð gott jafnræði í dag.

Við æfðum í bílskúr, á baklóð í Tjarnargötu 20 þar sem Sósilistaflokkurinn var til húsa. En fljótlega fluttum við svo inn í húsið og það var strax miklu betra. Skömmu seinna fluttum við í Hlaðvarpann á Vesturgötunni og deildum húsnæði með Ökuskóla á efstu hæðinni. Í salnum var búið að koma fyrir æfingabílum sem voru fastir í gólfinu og menn þurftu jafnvel að sitja í þeim á æfingum. Árið 1974 réðumst við

í það stórvirki, með góðri aðstoð verkalýðshreyfingarinnar og kaupa húsnæði í Skúlatúni 4. og þar erum við með aðstöðu núna.

Ég spilaði fyrst með sveitinni í 1. maí kröfugöngunni 1964.

Við höfum spilað fyrir verkalýðshreyfinguna og fleiri aðila við ýmis tækifæri. En við vildum gjarnan að verkalýðshreyfingin hóaði oftari okkur til að spila, því að það er eina leiðin fyrir okkur til að þakka fyrir þann ómetanlega stuðning sem hún hefur veitt okkur á undanförnum árum. Núna eru í kringum 40 til 50 manns sem spila í sveitinni og við höldum tvenna tónleikar á ári. Núverandi stjórnandi heitir Tryggvi M. Baldvinsson og hefur verið með okkur í 5 ár. Undanfarin ár hefur lúðrasveitin farið í nokkrar tónleikaferðir til útlanda, og í tilefni að þessum merku tímamótum erum við að fara í eina slíka ferð til Rússlands í apríl næstkomandi. Til stendur að spila á tónleikum í Pétursborg og er okkur félögunum mikið tilhlökkunarefni, sagði Torfi Karl að lokum.

Torfi Karl er náttúrufræðingur á Veðurstofu Íslands sem hefur starfað í Lúðrasveit Verkalýðsins í tæp 40 ár. Hann lét af störum sem formaður og framkvæmdastjóri sveitarinnar á síðasta ári.

Mannréttindabrot í USA

Brottvísun vegna verkalyðsbaráttu



Lawrence Mikes með Sigurði Bessasyni á fundi á dögnum

Á dögnum heimsótti heimsótti Lawrence Mikes Eflingu-stéttarfélag til að kynna mál Róger Calero, aðstoðarritstjóra ritsins *Perspectiva Mundial* og blaðamanns á fréttablaðinu *The Militant* í Bandaríkjunum. Róger Calero á yfir höfði sér að verða rekinn frá Bandaríkjunum til Nicaragua þrátt fyrir að hafa búið um langan aldur í USA. Lawrence Mikes var á ferð um nokkur Evrópulönd til að kynna þetta mál og kom við á Íslandi. Með honum í heimsókn voru Gylfi Páll Hersir og Ögmundur Jónsson, sem hafa tekið að sér að aðstoða við kynningu á málinu. Lawrence Mikes og Róger Calero unnu saman á kjötpökkunarstöð í Minnesóta þar sem Róger var í fararbroddi baráttu innflytjenda í verkalyðsmálum, en líkur eru á að honum sé nú hótad brottvísun frá USA vegna þeirra starfa.

Þann 3. desember síðastliðinn var Róger Calero, aðstoðarritstjóri mánaðarblaðsins *Perspectiva Mundial*, og blaðamaður á fréttablaðinu *The Militant*, handtekinn á flugvelliðum í Houston í Texas og fluttur í fangelsi. Hann var á heimleið frá því að sinna skyldustörfum sem blaðamaður á alþjóðlegri ráðstefnu, sem m.a. verkalyðsleiðtogar sóttu í Havana á Kúbu. Hann hafði einnig komið við á ráðstefnu sem samtök námsmanna í Rómönsku Ameríku og Karíbahafi stóðu að í Guadalajara í Mexíkó.

Róger sem er 33 ára og fæddur í Nicaragua, fékk þá skýringu að Útlendingaæftirlit Bandaríkjanna, hefði óskað eftir því að honum yrði meinuð landganga vegna sakfellingar sem hann hlaut árið 1988 fyrir að hafa boðið óeinkennisklæddum lögreglumanni maríhúana til kaups.

Lawrence Mikes, fulltrúi varnarnefndar

sem var stofnuð til að berjast fyrir áframhaldandi dvalarleyfi Rógers í Bandaríkjunum, sagði á fundi hjá Eflingu, þar sem óskað var eftir stuðningi við málstað hans að þessi mála-tilbúnaður væri fráleitur. Þegar Róger var sakfelldur, undirritaði hann samkomulag til að sleppa við hugsanlegan fangelsisdóm, og hlaut 60 daga frelsissviptingu á skilorði í þrjú ár. Róger hefur verið búsettur í Bandaríkjunum frá árinu 1985, og að allar upplýsingar um þetta mál hefðu legið fyrir þegar honum var veitt varanlegt dvalarleyfi árið 2000.

Þess vegna eru talsverðar líkur á að aðalastæður fyrir ofsóknum Útlendingaæftirlitsins á hendur Róger, séu til komnar vegna þátttöku hans í tímamótabaráttu innflytjenda fyrir að stofna verkalyðsfélag, þegar hann vann í kjötpökkunarstöð í St Paul í Minnesota. Það kom líka fram hjá Lawrence að eftir að Róger hafði dvalið í fangelsi í 10 daga var hann látinn laus, aðallega vegna mikils stuðnings heima fyrir.

Enn á þó að vísa honum úr landi og verður mál hans tekið fyrir 25. mars næstkomandi. Það virðist ekki skipta stjórnvöld neinu máli, þó að Róger sé kvæntur bandarískri konu og eigi heimili í New York. Ef tekst að afla stuðnings bæði innan Bandaríkjanna og utan, þá geti það haft veruleg áhrif á málsmæðferðina sagði Lawrence að lokum.

Efling-stéttarfélag mun mótmæla þessu máli en mótmælum má koma á framfæri við **Hipolito Acosta, District Director, Immigration and Naturalization Service, 126 Northpoint Drive, Houston, TX 77060, fax 281 774 5989. Afrit má senda til Róger Calero Defence committee, c/o PRDF, Box 761, Church ST. Station, NY 10007.**

Því ekki að skella sér í leikhúsið?

Borgarleikhúsið býður einstök kjör

Efling-stéttarfélag hefur verið í samstarfi við Borgarleikhúsið í vetur um að bjóða félagsmönnum leikhúsmiða á sérstaklega hagstæðu verði. Til að ná þessu verði hefur Borgarleikhúsið veitt verulegan afslátt en auk þess kemur Efling inn í verðið með niðurgreiðslu til viðbótar. Miðar hafa verið sendir í vetur til Eflingarfélaga sem gefst kostur á þessu frábæra tilboði.

Nú á vormisseri er Borgarleikhúsið með úrval skemmtilegra og vandaðra leikverka á fjölskyldunum og eru Eflingarfélagar hvattir til að nýta sér þetta leikár til að kynnast leikhúsinu þar sem miðaverði er nú stillt í hóf.

Tilboð Borgarleikhússins stendur til 13. apríl þannig að nú þarf að taka kvöldið frá sem við förum saman í leikhúsið.



Smelltu á www.efling.is

Trúnaðarráðsfundur um atvinnumálin

Meira fé til höfuðborgarsvæðisins



Ruth Árelíusdóttir, Dórothea Einarsdóttir, Jónína Sigurðardóttir, Erla Steingrimsdóttir og Guðrún Aðalsteinsdóttir gæða sér á sólberjasafa við upphaf lokafundar trúnaðarráðs 2002

Trúnaðarráðsfundur Eflingar hefur ályktað um útspili ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum. Fundur ráðsins fagnar því mikla fjárframlagi sem lagt er til vegamála á næstu mánuðum mun. Það mun slá á það mikla atvinnuleysi sem er í landinu.

Það veldur þó áhyggjum að ekki skuli vera lagt til meira fjármagn til höfuðborgarsvæðis-

ins þar sem atvinnuleysið er alvarlegast. Efling-stéttarfélag hvetur ríkisstjórnina til að endurskoða þessar áherslur með það í huga að leggja meira fé til þeirra svæða þar sem atvinnuleysið hefur komið harðast niður og þörf fyrir vegaframkvæmdir eru um leið brýnastar.

Efling-stéttarfélag vekur athygli á því að í þessum ákvörðunum felist margfeldisáhrif til annarra starfsgreina. Ljóst er þó að þessar framkvæmdir munu ekki hafa mikil áhrif á mikið atvinnuleysi meðal kvenna. Trúnaðarráðið hvetur ríkisstjórnina til að hraða framkvæmdum s.s. við hjúkrunarheimili aldraðra á höfuðborgarsvæðinu og má þar nefna Hjúkrunarheimilin Eir og Hrafnistu. Aukið framlag til þessara framkvæmda myndu leysa úr brýnni hjúkrunarþörf aldraðra og um leið hafa jákvæð áhrif á fjölgun umönnunarstarfa á höfuðborgarsvæðinu.

Þá hvetur Efling-stéttarfélag sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu að flýta verkefnum sem hægt er að setja í gang með stuttum fyrirvara.

Mikilvægt er að stéttarfélög, atvinnurekendur og stjórnvöld einbeiti sér að því að efla allt forvarnarstarf fyrir atvinnulausa meðan atvinnulífið er að komast úr núverandi lægð.

Veistu þetta um lífeyrissjóðina?

Vorið 2001 sömdu Landssamtök lífeyrissjóða við stjórnvöld um fjármögnun sérstaks átaks til byggingar 600 leiguíbúða á árunum 2001 til 2005 til viðbótar almennum heimildum Íbúðalánasjóðs vegna leiguíbúða. Ekki hefur enn orðið úr framkvæmdum með þeim hætti, sem að var stefnt við undirritun viljayfirlýsingar um málið en ekki er við lífeyrissjóðina að sakast í þeim efnum. Hins vegar komu fram í fyrravor óskir frá félagsmálaráðuneyt-

inu og Búseta að lífeyrissjóðirnir kæmu að sérstakri fjármögnun leiguíbúða hjá Búseta, sem væri umfram lánsloforð frá Íbúðalánasjóði. Hefur verið tekið vel í þessa beiðni af hálfu lífeyrissjóðanna. Í umræðum undanfarnar vikur hefur því verið haldið fram að Lífeyrissjóðirnir vilji ekkert leggja fram til þessara mála en eins og ofangreindar staðreynir bera með sér má öllum vera ljóst að lífeyrissjóðirnir eru reiðubúnir að fjármagna framkvæmdir leiguíbúða sem myndi örugglega skila sér í betri leigumarkaði en nú er hér á landi.

Fróðleiksmolar

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

**Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500
Félagar- fylgist með réttindum ykkar!!!!**

Starfsmat Reykjavíkurborgar

Vinna á réttri leið



Fundað um starfsmatið með forstöðumanni kjaramálasviðs borgarinnar

Undirbúningsvinna við starfsmatið er í fullum gangi. Aðilar að starfsmatinu áttu sameiginlegan vinnudag til að kynnst undirbúningsvinnunni og reyna síðan starfsmatskerfið.

Fjölmenni var á vinnufundinum þar sem farið var yfir tilraunaprófanir á starfsmatinu, hvernig forprófanir verða gerðar, innleiðingu starfsmatsins og hvernig uppbygging starfs-

matsviðtalsins er best háttað. Fulltrúar Eflingar-stéttarfélags í starfsmatinu eru Ragnar Ólason sem á sæti í starfsmatsnefndinni og Sigurlín Ágústsdóttir en þau munu verða fulltrúar starfsmanna þegar kemur að starfsmatsviðtölunum. Ragnar er aðaltrúnaðarmaður Eflingar-stéttarfélags hjá Reykjavíkurborg og Sigurlín er leiðbeinandi á leikskólanum Hamraborg.



Hugrún Jóhannesdóttir

Vinnumiðlun okkar kostar fólk ekkert

- segir Hugrún Jóhannesdóttir hjá Vinnumiðluninni

Vinnumiðlun okkar eru öllum að kostnaðarlausu, segir Hugrún Jóhannesdóttir, forstöðumaður Vinnumiðlunar Höfuðborgarsvæðisins. Á síðustu árum hefur störfum sem stofnunin miðlar fækkað úr 2000 ári í 450 á síðasta ári. Um fjögurpúsund manns eru á atvinnuleysis-skrá um þessar mundir. Reyndar hefur afskráningu fjölgað á síðustu vikum og að sama skapi hefur verkbeiðnum fjölgað. Fréttablaðið spjallaði við Hugrúnu um helstu verkefni Vinnumiðlunarinnar.

Úr hvaða starfsgreinum koma þessir einstaklingar?

Stærstu hóparnir koma úr byggingariðnaðinum og hugbúnaðariðnaðinum. Athyglisvert er að ungir karlar eru talsvert fjölmennari en konur, sem helgast af því að það eru hefðbundnar karlagreinar sem hafa verið að fara illa á síðustu mánuðum. Annars er mjög breiður hópur fólks að koma til okkar. Það eru t.d. yfir fjögurhundruð manns með háskólapróf á skrá núna.

Hverjir leita til ykkar eftir starfsfólki?

Fyrst og fremst eru það atvinnurekendur sem eru að leita að fólki í störf sem krefjast lítillar menntunar. En það er minni eftirspurn eftir iðnaðarmönnum og fólki með háskóla-menntun. Samt hefur gengið ágætlega að finna fólk í slík störf að undanförmu.

Hafa stofnanir og fyrirtæki hjá ríki og borg verið nógu dulegar að leita til ykkar eftir vinnuafla?

Nei, það finnst mér ekki.

Fyrir nokkrum árum var ástandið þannig að við höfðum nánast ekkert fólk á skrá og flestir þeirra sem komu hér inn og voru frambærilegir fengu fjótlega vinnu. En núna er þetta er gjörbreytt og vonandi eigum við eftir að fá fleirri verkbeiðnir frá opinberum aðilum. Við höfum sjálf þurft að ráða fólk í vinnu undanfarið vegna mikils annríkis og við höfum fundið verulega hæft fólk á einum degi. Það er einfaldlega mikið af hæfu fólki á skrá og mér finnst alls ekki nógu mikið leitað til okkar.

Hversu margir atvinnurekendur hafa haft samband við ykkur frá áramótum?

Hingað hafa borist 95 verkbeiðnir og flestar á síðustu tveim vikum, en þær geta verið frá tveimur og upp í tuttugu á viku.

Eru einhver námskeið í boði fyrir einstaklinga sem leita til ykkar?

Já, það hefur verið nokkuð fjölbreytt framboð á námskeiðum ekki síst á síðustu mánuðum. Reyndar eru alltaf í gangi sjálfsstyrkingar-námskeið sem eru lang vinsælust bæði hjá körlum og konum, og tölvunámskeið af ýmsu tagi. Þá vorum við með Joganámskeið sem varð mjög vinsælt. Það nýjasta í þessum málum er að eftir yfirlýsingar yfirvalda um aukið fjármagn í framkvæmdir til að fjölga störfum, bjóðum við upp á námskeið á ýmsar gerðir vinnuvéla.

Hvað eru margir á skrá hjá ykkur sem eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum?

Það eru rúmlega fjögur hundruð manns á skrá núna.

Gilda sömu reglur um atvinnuleysisbætur fyrir útlendinga?

Já, það er að segja þegar þeir eru komnir inn í íslenska kerfið og eru komnir með græna kortið. Fram að þeim tíma er félagsþjónustan skyldug til veita þeim aðstoð. En hafi menn dvalarleyfi er þeim heimilt að skrá sig hér óháð bótarétti þeirra.

Það er einfaldlega mikið af hæfu fólki á skrá og mér finnst alls ekki nógu mikið leitað til okkar



Smelltu á www.efling.is

WHAT rights do I have?

Efling provides in cooperation with employers, educational funds which are available to all its members. The role of these educational funds is twofold:

- to grant a subsidy to individuals for vocational education, chosen by themselves, i.e. individual subsidies.
- to offer courses in vocational education in cooperation with educational institutions, specific trade departments or firms.

The link between the planned vocational education course, and the job performed, is evaluated before subsidies are granted (hobby courses give rights to lower subsidies).

The main rules of the educational funds of Efling state that those applying for a subsidy must have been members of the union for a 12 month period before applying. Grants to those in part-time employment are proportional. The amount of any grant offered to an individual for vocational education they choose themselves may vary from 35.000 kr. to 44.000 per annum, up to 75% of the invoice. In order



Foreign members of Efling in a study group. It is important to learn about our rights to education.

to apply for a subsidy applicants must complete a special form, available at the Efling office. This may also be found on the Efling homepage under the heading of "Education". Applicants must also present receipt(s), for payment of a course, together with a copy of their last salary slip.



Fátæktin er rót barnavinnu

Börn stofna ekki stéttarfélög

- segir Tryggi Þór Aðalsteinsson

Sérstök áhersla er lögð á að fækka börnum við hættuleg störf og að hindra að börn séu misnotuð



Alþjóðavinnumálastofnun Sameinuðu þjóðanna, ILO, telur að um 250 milljónir barna í heiminum á aldrinum 5 — 14 ára stundi vinnu. Af þeim stunda 120 milljónir fulla vinna. Milljónir barna fara þannig á mis við frjálst og heilbriggt uppeldi, skólagöngu og frístundir við leik með jafnöldrum sínu. Barátta Sameinuðu þjóðanna, verkalýðssamtaka og einstakra samtaka sem vinna að heill barna hefur borið árangur þrátt fyrir að barnavinna sé enn algeng víða um heim og aðstaður þeirra og kjör oft hörmuleg. Einn mikilvægasti árangur í þessi efni á alþjóðavísu var samþykktin um *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna 1998*. Í sáttmálans 32. grein segir: “Barn á rétt til verndar gegn arðráni og gegn vinnuánað sem spillir eða hindrar skólagöngu barnsins og stofnar heilsu þess í hættu.”

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur fylgt þessum málum eftir, meðal annars með samþykkt sinni 1999 nr. 182, en um þá samþykkt náðist all góð samstaða meðal aðildarríkja stofnunarinnar. Samþykktin fjallar um barnavinnu í sinni verstu mynd, það er að segja; barnþrældóm og börn sem notuð eru í glæpastarfsemi, klámiðnaði og vændi. Auk þess tekur samþykktin til starfa sem eru sérstaklega hættuleg.

Þróunarverkefni ILO

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur síðan 1999 staðið að sérstöku þróunarverkefni með fjárhagsstuðningi frá Þýskalandi í þeim tilgangi að draga úr barnavinnu. Í því sambandi beinist starfið sérstaklega að stúlkum og vernd þeirra. Þau ríki sem taka þátt í þróunarverkefninu fá fjárhagsstuðning. Á móti undirrita þau samning við ILO, þar sem þau viðurkenna að barnavinna eigi sér stað í landinu og skuldbinda sig til að vinna markvisst að því að útrýma henni og að veita eigin fjármagni til þess. Víða er það vandamál að stjórnvöld viðurkenna ekki að barnavinna eigi stað og neita slíkum ásökunum alþjóðasamtaka. Nú bíða hins vegar mörg ríki eftir því að fá stuðning frá ILO og að fá að taka þátt í þessu þróunarátaki. Verkefnið nær til um 40 landa og rúmlega 30 önnur lönd hafa óskað eftir að taka þátt í verkefninu. Þar að auki hafa 20 lönd

bæst í þann hóp sem veita fé til verkefnisins.

Hættuleg og óholl störf

Þrátt fyrir að barnavinna hafi minnkað í ýmsum löndum og á tilteknum svæðum hefur barnavinna í heild aukist samhlíða auknum fólksfjölda og er útbreidd í flestum heimshlutum. Hlutfallslega er barnavinna algengustu í Afríku, eða 41% í samaburði við 21% í Asíu og 17% í Suður- og Mið-Ameríku. Í Asíu er samt fjöldi barna sem stundar vinnu mestur. Samkvæmt athugunum ILO vinna meira en tveir þriðju hlutar barna, og í vissum löndum allt að 70% allra barna í ýmsum og ólíkum störfum sem eru talin hættuleg. Tuttugu af hundraði þessara barna slasast í vinnunni eða veikjast vegna hennar. Dæmi um slys eru stungusár, brotnar eða afhöggna hendur eða fætur, brunasár, húðsjúkdómar, sjón- og heyrnarskaðar, öndursjúkdómar auk maga- og þarmasjúkdóma. Um það bil 70% vinnandi barna er að finna í landbúnaðarstörfum en flest slys og óhöpp verða í byggingariðnaði, við námuvinnslu og við flutningastörf. Störf í fataverksmiðjum eru einnig hættuleg. Samkvæmt upplýsingum Alþjóðsamtaka verkafélags í klæðiðnaði farast 12000 börn árlega í störfum innan klæðiðnaðarins. Aðrar heimildir benda til þess að þessi að þessi fjöldi sé vanmetinn, dauðsýsín séu enn fleiri.

Vara eða manneskja

Barnavinna birtist í ýmsum myndum. Í Pakistan er til dæmis algengt að börn byrji að vinna 6, 7 og 8 ára. Til eru tölur sem sýna að um það bil helmingur þeirra deyr áður en þau ná tólf ára aldri. Í Bangladesh eru fataverksmiðjur þar sem fjögurra ára gömul börn eru í vinnu. Aðstæður þeirra eru vægast sagt ömurlegar og slys og sjúkdómar auðvitað algengir. Slíkar frásagnir og myndir af því sem er að gerast í dag minna helst á lýsingar Charles Dickens á barnavinnu í Englandi á fyrri hluta 19. aldar, þar sem börn voru rekin áfram harðri hendi við illar aðstæður. Trúlega eru samt aðstæður barnanna núna í þriðja heiminum og víðar enn verri. Börnin eru enn fleiri og verksmiðjurnar mörgum sinnum stærri. Til eru fyrirtæki og stjónvöld sem líta á börnin frekar sem hverja aðra vöru eða tæki sem nýta eigi til

fulls, frekar en lifandi manneskju sem á rétt á sómsamlegu lífi.

Kúguð og pínd

Í raun eru öll fáttæk börn neydd til að vinna. Vinna margra þeirra er fólgin í að hjálpa til við heimilisstörf og búskap. Þau bera eldivið og vatn, gæta systkina sinna, annast skepnur, vefa, sauma og smíða. Það er ekki þess konar vinna sem átt er við þegar talað er um barnavinnu, sem verkafélagshefing berst gegn. Verkalýðshreyfingin vill útrýma barnavinnu sem neyðir ung börn til langra vinnudaga við hættuleg og óholl störf, langt frá foreldrum sínum og vinum. Það varðar börn sem eru seld rétt eins og þrælar. Það varðar börn sem eru kúguð og pínd til vinnu sem takmarkar og jafnvel hindrar möguleika þeirra till menntunar og eðlilegs þroska.

Fátækt og vítahringur

Aðalástæða barnavinnu er fátækt og hverfur ekki fyrr en fátæktinni er útrýmt. Barnvinnan er óréttlát, ónauðsynleg og hamlar þroska einstaklinga og framþróun þjófélaga. Svo lengi sem fyrirtæki telja það hagkvæmt að láta börn vinna munu þau sækjast eftir þeim sem vinnukrafti. Það er auðveld að skilja það. Ef fyrirtæki getur látið sjö ára gamalt barn vinna störfin gegn smáarlaunum í staðinn fyrir fullorðinn mann og hærri laun, velur fyrirtækið barnið. Börnum er líka auðveldara að stjórna og þau gera sjaldan kröfur um hærri laun eða betri vinnuaðstæður. Börn stofna ekki stéttarfélag. Barnvinnan er vítahringur því hún ýtir undir atvinnuleysi meðal fullorðinna, sérstaklega þeirra sem hafa enga starfsmenntun. Börnin sjálf öðlast heldur enga menntun og þegar þau vaxa út grasi bætast þau við þann stóra hóp fullorðins fátæks fólks sem hefur litla möguleika til sómasamlegara og viðunandi starfa, vegna skorts á allmennri menntun svo sem lestrarkunnáttu og starfsmenntunar. Víða í þróunarlöndunum minnkar þörfin fyrir svokallaðan “ómenntaðan vinnukraft”. Börnin sem nú fylla verksmiðjurnar eru flest dæmd til ævilangrar fátæktar í útjaðri þjóðfélagsins.

Höfundur er framkvæmdastjóri MFA í Örebro

Barnvinnan er óréttlát, ónauðsynleg og hamlar þroska einstaklinga og framþróun þjófélaga





Ýmsir möguleikar í skattframtalinu

Lækkun á tekju- og eignarskattsstofni

Nú er kominn sá tími árs að þörf er á að huga að skattframtalsgerð. Síðasti skiladagur skattframtala er 24. mars 2003. Efling-stéttarfélag aðstoðar félagsmenn sína við skattframtalsgerð um þá helgi. Rétt er að benda á að samkvæmt skattalögum geta einstaklingar átt rétt á lækkun á tekju- eða eignarskattsstofni af eftirtöldum ástæðum:

1. Vegna andláts náins skyldmennis.
2. Vegna veikinda, slysa eða ellihrörleika.
3. Vegna barns sem haldið er langvinnum sjúkdómi, er fatlað og er á framfæri umsækjenda.
4. Vegna foreldra eða annarra vandamanna á framfæri umsækjanda.
5. Vegna eignatjóns sem umsækjandi hefur orðið fyrir.
6. Vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa af atvinnurekstri.
7. Vegna mikils námskostnaðar ungmenna á heimilinu.

Bent er á að til að sækja um lækkun skattstofna af þessum ástæðum þarf að afla tilskilinna gagna sem þurfa að fylgja umsókn um lækkun. Nánari upplýsingar um hvaða gögn þurfa að fylgja beiðni um lækkun koma fram í framtalsleiðbeiningum ríkisskattstjóra eða á eyðublaðinu RSK 3.05, „Umsókn um lækkun A“ sem liggur frammi hjá skattstjórum.

Information in foreign languages

Efling would like to draw its members attention to the web site www.tr.is. This is the official web site of the State Social Security Institute and they have information concerning rights in the social security system in English, Danish, Polish, Thai and Serbian.

Fróðleiksmolar

Uppsagnarfrestur

Við uppsögn úr starfi er mikilvægt að kanna hver uppsagnarfrestur er

Skrifstofu Eflingar

Elva Tryggvadóttir til starfa

Breytingar urðu eftir áramótin í starfsmannahaldi hjá Eflingu-stéttarfélagi og á skrifstofu atvinnuleysisdeildar nr. 1 í Reykjavík sem rekin er í tengslum við félagið. Sigríður Ólafsdóttir sem unnið hefur á síma og í afgreiðslu skrifstofu lét af störfum um áramót en við starfi hennar tekur Elva Tryggvadóttir frá sama tíma. Elva hefur m.a. unnið við umönnunarstörf en starfaði síðast hjá TAL h.f. Efling stéttarfélag býður hana velkomna til starfa.



Skrifstofa atvinnuleysisbóta hjá Eflingu

Jóna Vígðís Kristinsdóttir til starfa

Vegna aukningar atvinnuleysis hafa umsvif á skrifstofu úthlutunardeildar atvinnuleysisbóta nr. 1 sem vistuð er hjá Eflingu-stéttarfélagi aukist mjög mikið undanfarna mánuði. Nú hefur verið ráðinn nýr starfsmaður í 60% starf til viðbótar þeim þremur sem fyrir eru. Nýi starfsmaðurinn heitir Jóna Vígðís Kristinsdóttir og hefur unnið m.a. hjá ráðningarstofu og á Landsspítala Háskólasjúkahúsi. Jóna Vígðís er boðin velkomin til starfa.



Elva Tryggvadóttir



Jóna Vígðís Kristinsdóttir

Merk tímamót hjá Eflingu

Reyklaust trúnaðarmannanámskeið



Merk tímamót urðu hjá Eflingu stéttarfélagi þegar allir þátttakendur á námskeiði fyrir trúnaðarmenn í mars reyndust vera reyklausir. Að sögn þeirra sem eru fróðastir um þessi mál hjá félaginu hefur þetta aldrei gerst áður á nokkru námskeiði á vegum félagsins.

Það þótti því tilvalið að festa þetta bráðhressa fólk á filmu, og á myndinni er í fremri röð t.v. Anna María Clausen, hjá Össuri; Hólmsteinn Eiríksson hjá Ölgerð Egils Skallagrímssonar; Ólafur Ingólfsson hjá Steinsmiðju S. Helgasonar; Sigurður Þ. Magnússon, Borgargörðum. Aftari röð t.v. Halldóra Ragnarsdóttir, eldhúsi Skógarbæ; Hrönn Bjarnþórsdóttir, Réttarholtsskóla; Nína E. Sandberg, leikskólanum Laufásborg; Jakobína Guðjónsdóttir, leikskólanum Arnarborg og Þórhildur Svavarsdóttir, leikskólanum Heiðarborg.

Fróðleiksmolar

Frá 17. júlí 2002 er startgjald leigubíla kr. 400,- x 2,5. Starfsfólk á veitingahúsum sem fær greidda ferðapeninga fær í dag kr. 1000,- fyrir hverja ferð þegar áætlunarmagnar ganga ekki.

Dagsferð Eflingar-stéttarfélags verður um suðurland



Frá Kleifarvatni

Nú eru í undirbúningi dagsferðir þegar sumri hallar. Stefnt er að ferð 30. ágúst og 6. september ef þátttaka er mikil.

Verið er að skoða hring um suðurland þar sem farið væri að Urriðafossi og Búðafossi í Þjórsá, og Hellar á Rangárvöllum skoðaðir síðan í heimsókn til kartöflubónda í Þykkvabæ

og endað á Stokkseyri þar sem boðið yrði upp á humarsúpu í Fjöruborðinu og ekin Krísvíkurléið til Reykjavíkur.

Verð í þessa ferð er kr: 2.500.-

Innritun hefst í byrjun júní.

Opnun Vöruhótelsins



Horft yfir mannhafið í Vöruhótelinu við opnun þess

Nýlega tók Eimskip í notkun eina stærstu byggingu landsins sem byggð var sérstaklega fyrir rekstur Vöruhótelsins og um leið urðu þáttaskil í möguleikum íslenskra fyrirtækja til hagræðingar í birgðahaldi sínu og vörustjórnun. Vöruhótelid er hið stærsta og fullkomnasta á Íslandi, en fimm og hálf Laugardalshöll gætu rúmast þar. Vöruhótelid var formlega opnað með 3ja daga hátíðarhöldum. Föstudaginn 28. febrúar var viðskiptavinum boðið í móttöku í Vöruhótelid þar sem Stuðmenn héldu uppi fjörinu. Daginn eftir var árshátíð Eimskips haldin í Vöruhótelinu og í tilefni þessara merku tímamóta ákvað Eimskip að bjóða öllum starfsmönnum sínum og mökum þeirra á árshátíðina. Sunnudaginn 2. mars var síðan haldin fjölskylduhátíð þar sem almenningi var boðið að koma og lögðu um níu þúsund manns leið sína þangað þar sem boðið var upp á ýmsar veitingar og fjölbreytt skemmtiatriði.



Unga kynslóðin skemmti sér vel á fjölskylduhátíðinni sem haldin var í tilefni opunnar Vöruhótelsins

Veistu þetta um lífeyrissjóðina?

Því er gjarnan haldið fram þessa dagana að fjármunir lífeyrissjóðanna skili sér ekki til fólksins í landinu. Er helst svo að skilja að peningar sjóðanna séu læstir inni í peningaskáp eða liggi undir kodda stjórnenda sjóðanna og komi engum að gagni. Nær væri að 3ja mánaða innstreymi iðgjalda sjóðfélaganna inn í sjóðina rynnu til íbúðabygginga almennings.

Fullyrðingar þessa efnis að fjármunir lífeyrissjóðanna skili sér ekki til almennings eru rangar. Lífeyrissjóðirnir greiða mánaðarlega um tvo og hálfan milljarð króna í lífeyri til

sjóðfélaga sinna eða um 30 milljarða króna á þessu ári. Á síðasta ári námu lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna hærri fjárhæðum en lífeyrisbætur almannatrygginga. Hluttur lífeyrissjóðanna í lífeyrisgreiðslum hefur aukist um 1,3% af landsframleiðslu frá árinu 1990 en hluttur almannatrygginga í lífeyrisgreiðslum um hálft prósentustig á sama tíma. Þannig fer æ stærri hluti af innstreymi til sjóðanna í lífeyrisgreiðslur.

Eignir lífeyrissjóðanna námu um síðustu áramót um 677 milljörðum króna. Stór hluti eigna sjóðanna fer til íbúðabygginga enda eru lífeyrissjóðirnir langstærstu kaupendur húsbrefa, svo dæmi sé tekið. Þannig nam húsbrefaeign og húsnæðisbrefaeign sjóðanna 144 milljörðum króna um síðustu áramót og beinar lánveitingar til Íbúðalánasjóðs 22 milljörðum króna. Lán til sjóðfélaga vegna íbúðarkaupa námu 84 milljörðum króna. Þannig námu fjármunir lífeyrissjóðanna sem nýttir hafa verið til íbúðarbygginga landsmanna alls 250 milljörðum króna um síðustu áramót. Eru þá ótaldar háar fjárhæðir í öðrum eignum, sem óbeint fara í þennan málaflokk, s.s. í hlutdeildarskírteinum verðbrefasjóða, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga o.s.frv.


Fróðleiksmolar

Fyrirvaralaus uppsögn

Hafðu samband strax við félagið þegar fyrirvaralaus uppsögn á sér stað. Einnig ef þú telur að ekki sé rétt staðið að uppsögninni eða brotið á þér.

Stór hluti eigna sjóðanna fer til íbúðabygginga





Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum
 Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag /Krossgátan • Sætin 1 • 105 Reykjavík
 Svar þarf að berast fyrir 4. apríl nk.



Rósa Sveinbjarnardóttir

Heppin í krossgátunni


Dregið var úr réttum lausnum í krossgátu síðasta félagsblaðs og reyndist vinningshafinn vera Rósa Sveinbjarnardóttir. Rósa er ellilífeyrisþegi en starfaði um árabil hjá Landvéllum. Rósa tekur hér við vinningnum af Viktoríu Jensdóttur, starfsmanni Eflingar-stéttarfélags.

Lausn síðustu krossgátu



What do you know about your trade-union?

Read all about EFLING-TRADE UNION



EFLING — trade union is one of the largest unions in Iceland with approximately 16.000 members and covers all areas of unskilled labour in Reykjavík and its suburbs, except for employees working in commerce and trade.

Our members therefore come from very different areas of the labour market. Efling-union has members in Reykjavík harbour, factory workers (fish and industry factories), unskilled employees in the health sector, public sector workers (garbage collection, public service etc.), transport service, food sector (production and catering service), hotels and restaurants, assistants to skilled craftsmen, etc.

Services provided by Efling

The services provided by Efling can be divided into a few sectors

Our main emphasis is giving information on

collective (wage) agreements that Efling has with employers. Efling has 5 main agreements with employers depending on the sector involved. Along with those agreements we do have some 40 special agreements with companies in different fields. We also give information on employees rights according to law.

Efling offers legal help and consultation to our members. The union offers weekly interviews with our lawyers in our office. The lawyers handle the more difficult cases and disputes with employers. Some of these cases end in court where our lawyers are responsible for the legal handling of matters.

Although the union's most important task is to fight for and defend our members' wages and rights the union also offers many other services to our members.

Sick benefits

Efling- trade union has "sick-relief—fund". The fund pays sick benefits to those members who have fulfilled minimum requirements regarding the fund and are unable to work due to illness. This fund also pays its members part of costs due to various health programs, cancer-inspection etc. Last year some 3.000 members received payments from the fund.

Summerhouses

Efling — trade union has 50 **summerhouses** in most parts of the country and can be rented all year round for a week or for weekends.

Education grants

Efling — trade union also supports our members in their efforts to further their education i.e. if they go to school, take courses in vocational education or if they take hobby courses. We have special programs for our members who take on the responsibility as trade-union representatives in the workplace (shop-stewards). Today Efling has around 260 shop-stewards

Efling has at present cooperation with many educational institutions which can help us develop and run study programs for people with low or no formal education.

Leadership and office

Sigurður Bessason is chairman of Efling trade union. About 25 employees work in the union office in Reykjavík. On the same floor we have STARFSAFL, the educational office of the unions in the Reykjavík area and one of two unemployment offices in the city.

If you need any other information please do not hesitate to call us (tel. 510-7500) or visit us at Sætún 1, 105 Reykjavík. We are situated at just 3 minutes' walk from Hlemmur Bus station in the center of Reykjavík (see map).



